



Borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 2014:
Innsýn í reynslu fólks af erlendum uppruna af þeim



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 2014:
Innsýn í reynslu fólks af erlendum uppruna af þeim

Guðrún Magnúsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í Hnattrænum Tengslum
Leiðbeinandi: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Febrúar 2015

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í Hnattrænum tengslum og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Guðrún Magnúsdóttir 2015

Reykjavík, Ísland 2015

Ágrip

Í þessari rannsókn er lýðræðisleg þátttaka innflytjenda í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík vorið 2014 skoðuð. Í kenningalegri umræðu eru kenningar kosningaþátttöku fyrirferðamiklar. Jafnframt er þar fjallað um þverþjóðleika, ríkisborgara- og kosningarétt og innflytjendur á Íslandi eru skilgreindir. Þá er tilraun gerð til skilgreiningar á reynslu og upplifun ásamt heimssýn.

Farið er yfir borgarstjórnarkosningarnar 2014 í samnefndum kafla, en þar er íslenskur raunveruleiki skoðaður; hlutföll innflytjenda á Íslandi og kosningaþátttaka þeirra skoðuð. Þar næst er kosningabaráttan, skoðanakannanir og úrslit kosninganna útlistuð. Þá er búin til nokkurs konar tímalína yfir moskumálið svokallaða sem setti mikinn svip á kosningabaráttuna.

Þar á eftir kemur að Aðferðafræði og framkvæmd, og eru þar rannsóknaraðferðirnar útlistaðar. Þar ber helst að nefna nákvæmnisúrtöku og snjóboltaúrtak. Þá eru hálf staðlaðir spurningalistar ræddir ásamt vettvangsathugunum.

Greining gagna er þar á eftir en þar eru niðurstöður viðtala sett í samhengi við kenningalega umræðu og vettvangsathuganir sem framkvæmdar voru. Þar kemur fram að það sé mjög misjafnt hvort fólk af erlendum uppruna taki þátt í kosningum á Íslandi. Aðgengi að upplýsingum frá flokkunum virðist vera gott en það sama má ekki segja um upplýsingar um hvort fólk sé með kosningarétt, þar sem einn viðmælandi vissi ekki að hann hefði kosningarétt. Viðmælendur voru spurðir um moskumálið og var meirihlutinn sammála um að það hafi sett svartan blett á kosningabaráttuna.

Abstract

This thesis revolves around the democratic participation of immigrants in the municipal elections in Reykjavík in 2014.

Theoretical discussions revolve to a big extent around political participation of immigrants. Furthermore, there is discussion about transnationalism, citizenship, the enfranchisement of immigrants and immigrants in Iceland are defined. An attempt at defining perception and worldview is at the end of the theoretical discussion.

The municipal elections in 2014 are summed up; Icelandic reality is discussed in relation to the proportion of immigrants in Iceland and their democratic participation in the past. The election campaign, polls and the results of the elections are discussed. Furthermore, there is a timeline of the so-called mosque debate that was a very heated debate during the campaign.

Methodology is next up where purposive sampling and snowball sampling are discussed, as well as the making of semi-structured interviews and non-participation observations.

In the analysis of the data, the results of the interviews are put into context with the theoretical discussions and the data from the observations. There it becomes apparent that democratic participation varies, the information the parties give out are sufficient but the information the government provides is not good enough. One participant, for example, did not know she had the right to vote. The informants were asked about the mosque debate and most of them agreed on that it put a dark shadow over the election campaign.

Formáli

Eftirfarandi lokaverkefni er 30 ECTS rannsókn í Hnattrænum tengslum við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Þessi rannsókn markar lok 120 ECTS náms til MA gráðu. Undirbúningur þessarar rannsóknar hófst í Álaborg haustið 2012 og lauk í Reykjavík í janúar 2015. Rannsóknin var unnin undir leiðsögn dr. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur sem fær miklar þakkir fyrir leiðsögn og hvatningu.

Viðmælendur mínir fá þá einnig hjartans þakkir - án þeirra hefði rannsóknin aldrei orðið að veruleika.

Þessi rannsókn felur meðal annars í sér ýmsar vangaveltur um reynslu innflytjenda af lýðræðislegri þátttöku í Reykjavík vorið 2014, meðal annars. Jafnframt opnar rannsóknin dyr að frekari rannsóknum á þeim málafokki og er það von mín að frekari rannsóknir verði framkvæmdar. Einnig er þessi rannsókn tilraun til að vekja athygli á þeim hópi kjósenda sem innflytjendur eru og vonast ég til þess að í framtíðinni verði betur hlúð að þessum hópi, á öllum sviðum samfélagsins.

Að lokum langar mig að þakka fjölskyldu minni og nánustu vinum fyrir stuðninginn. Eva Rún Guðmundsdóttir fær kærar þakkir fyrir yfirlesturinn og leiðréttingar. Dóttir mín, Rebekka Ísis, fær þakkir þar sem hún er minn helsti hvati til að gera heiminn að betri stað. Baldur Jón Kristjánsson, kærasti minn fær jafnframt þakkir fyrir skilninginn, stuðninginn, hvatninguna og fyrir að hafa þolinmæði fyrir ýmsum mis gáfulegum vangaveltum um efni rannsóknarinnar.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Abstract.....	4
Formáli	5
Efnisyfirlit.....	6
1 Inngangur	8
1.1 Kveikjan	8
1.2 Rannsóknarspurningar	9
2 Kenningaleg umræða.....	10
2.1 Innflytjendur.....	10
2.2 Kosningarréttur og ríkisborgararéttur	12
2.3 Þverþjóðleiki	15
2.4 Reynsla, upplifun, heimssýn	15
3 Borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 2014	18
3.1 Ísland í dag	18
3.2 Kosningaþátttaka fyrri ára	19
3.3 Moska í Reykjavík?.....	20
3.4 Úrslit kosninganna	24
3.5 Samantekt.....	27
4 Aðferðafræði og framkvæmd.....	28
4.1 Rannsóknaraðferðin.....	28
4.2 Vettvangur.....	29
4.3 Viðmælendur.....	30
4.4 Spurningar og viðtöl.....	33
4.5 Skráning og úrvinnsla gagna	35
4.6 Vettvangsathuganir	35
5 Greining gagna.....	38
5.1 Viðmælendur og bakgrunnur.....	38
5.2 Þátttaka í kosningunum.....	40
5.3 Flokkarnir og stefnuskrár	44
5.4 Aðrar hagnýtar upplýsingar	49
5.5 Þverþjóðleiki	51
5.6 Framboðsfundir	54
5.7 Moskumálið.....	57
5.8 Félagsauður.....	61

5.9 Fordómar á Íslandi.....	62
6 Niðurstöður	65
7 Lokaorð.....	68
8 Heimildaskrá.....	69
Viðauki 1	74
Viðauki 2	75
Viðauki 3.....	77
Viðauki 4.....	78
Vettvangsathuganir - framboðsfundir	78

1 Inngangur

Í hinum hnattvædda heimi nútímans er að mörgu að huga. Óhjákvæmilega verða árekstrar þegar fólk hvaðanæva að sest að í sama samfélagi, þar sem fyrir er fólk með sín gildi og sínar skoðanir. Á einhvern hátt þarf að samræma samskipti og hversdagslíf þessara einstaklinga og í lýðræðisríkjum er það verkefni, að búa til nokkurs konar vinnuáætlun varðandi það, sett í hendurnar stjórnvalda. Aftur á móti er það almenningur sem ákveður hver stjórnvöldin eru svo það má spyrja hvort komi á undan hænan eða eggid.

Er það svo að allir meðlimir samfélagsins, óháð uppruna, taki þátt í því að velja þau stjórnvöld sem hafa valdið til að ákvarða þau lög og reglur sem hafa áhrif á líf þeirra? Þetta er meðal þeirra spurninga sem rannsóknin leitast við að svara.

Fyrst fer fram kenningaleg umræða þar sem hugtök eru skilgreind og kenningar ræddar. Næst er kafað í borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík vorið 2014. Meðal þess sem er skoðað er staðan á Íslandi í dag með tilliti til fjölda innflytjenda. Þá er kosningaþátttaka innflytjenda á fyrri árum skoðuð. Eitt helsta hitamál borgarstjórnarkosninganna 2014 ber næst á góma, en það er hið svokallaða Moskusmál. Að lokum eru úrslit kosninganna rædd.

Þar á eftir kemur kafli um aðferðafræði og framkvæmd, þar sem rannsóknaraðferðin er skilgreind og framkvæmd rannsóknarinnar útlistuð. Þar á eftir kemur sjálf greiningin á gögnunum sem safnað var með rannsókninni og að lokum niðurstöðukafli og lokaorð.

1.1 Kveikjan

Hugmyndin að þessari rannsókn kviknaði haustið 2012 þegar rannsakandi var við nám í Álaborgarháskóla í Danmörku og hafði fyrr á því ári skrifað BA ritgerð um dönsku innflytjendalöggjöfina; þar með var áhuginn á málefnum innflytjenda vakinn. Þá um haustið hóf rannsakandi nám í MA náminu Culture, Communication and Globalization við fyrrnefndan háskóla og ákvað snemma að sérhæfa sig í málefnum innflytjenda og hælisleitenda, ásamt því að skoða alþjóðlega fólksflutninga. Þar sem rannsakandi hafði búið í Danmörku í rúm 4 ár á þeim tíma, hafði hann kosningarétt í sveitastjórnarkosningum þar en hafði aldrei nýtt sér réttinn því aðgengið að upplýsingum fyrir fólk sem ekki hafði dönsku að móðurmáli var ábótavant. Þannig kviknaði sú hugmynd að skoða þetta í MA rannsókninni. Hægt og rólega hófst leit að

heimildum og fræðilegur bakgrunnur var skoðaður ásamt því að byrjað var að móta rannsóknarspurningar. Tveim árum síðar er þessi vinna enn í gangi. Rannsakandinn flutti til Íslands sumarið 2013, hóf nám við Háskóla Íslands í Hnatrænum tengslum en hafði enn sömu löngun til að vinna með þetta viðfangsefni. Þá voru, meðal annars, námskeiðin “Kenningar í félags-og mannvísindum”, “Ímyndir, vald og framandleiki” og “Vettvangsaðferðir” notuð til að byggja við grunninn að þessari rannsókn. Þessi þrjú námskeið, og í raun flest námskeiðin sem setin voru í tengslum við verkefnið og námið, eru innan mannfræðinnar. Þrátt fyrir það setja fleiri fræðigreinar svip sinn á þau þó mannfræðin sé útgangspunkturinn.

1.2 Rannsóknarspurningar

Eins og gefur að skilja hafa nokkrar útgáfur af rannsóknarspurningum verið umritaðar og unnið eftir þeim á einhverjum tímamarki en þar sem slíkar spurningar eru einungis til þess gerðar að styðja við vinnuna á hinum ýmsu þrepum rannsóknarinnar þá eru þær ekki taldar með hér. Hinar eiginlegu rannsóknarspurningar sem urðu til út frá þessari vinnu og hafa haldist sem slíkar í lengri tíma eru eftirfarandi:

- Hver er reynsla innflytjenda af pólitíska umhverfinu í Reykjavík?
- Hvernig finnst innflytjendum að taka þátt í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík?
 - Finnst þeim mikilvægt að taka þátt yfir höfuð?
- Hvaða málaflokkar eru mikilvægir innflytjendum?
- Er munur á einstaklingum með mismunandi bakgrunn að þessu leyti?
- Hvernig upplifðu innflytjendur í Reykjavík kosningabaráttuna í borgarstjórnarkosningunum vorið 2014?
- Hafði moskumálið svokallaða áhrif á daglegt líf innflytjendanna?
- Hvaða áhrif hafði moskumálið á vilja innflytjendanna til að taka þátt í kosningunni?

Þessum spurningum er leitast við að svara í rannsókninni með því að notast við þau gögn sem safnað var.

2 Kenningaleg umræða

Hér á eftir fer umræða um margvíslegar kenningar og hugtök sem tengjast rannsókninni og eru notaðar til að setja niðurstöður viðtala í ákveðið samhengi. Skilgreining hugtaka er mjög mikilvæg í rannsóknum þar sem notast er við hugtök sem eiga sér mismunandi skilgreiningar, til dæmis eftir samhengi eða fræðigrein. Það voru þessar kenningar og hugtök sem gáfu rannsakanda hugmyndir að þeim þemum og spurningum sem síðar var beint að viðmælendum í rannsókninni.

2.1 Innflytjendur

Í hinum hnattvædda heimi nútímans, þar sem landamæri, þjóðerni og ríki eru endurskilgreind í sífellu, ásamt því að hreyfanleiki fólks eykst, getur verið erfitt að skilgreina ýmis hugtök. Eitt af þessum hugtökum er “innflytjandi” Hvaða meðlimir samfélagsins teljast til innflytjenda? Eru það þeir sem eru ekki með íslenskt ríkisfang? Eru það þeir sem eiga ekki íslensku að móðurmáli? Eru það þeir sem eiga erlenda foreldra? Eru það þeir sem fæddust ekki í landinu sem þeir eru búsettir í? Það er ljóst að þessar forsendur skarast óhjákvæmilega á og einnig er hægt að benda á það að einstaklingur með íslenskt ríkisfang getur til dæmis hæglega átt annað móðurmál en íslensku, ásamt því að eiga erlenda foreldra og hafa fæðst í öðru landi. Þessi einstaklingur getur einnig hafa búið á landinu í tugi ára án þess að hafa öðlast íslenskan ríkisborgararétt en hafi tileinkað sér tungumálið, siði, menningu og verið virkur meðlimur í samfélaginu – er viðkomandi þá flokkaður sem innflytjandi eða útlendingur?

Í opinberri stefnu íslenskra stjórnvalda um aðlögun innflytjenda eru innflytjendur skilgreindir á eftirfarandi hátt:

“Með hugtakinu innflytjandi (e. Immigrant) er átt við útlending sem

sest hefur að til langframa í landinu en er fæddur erlendis

eða báðir foreldrar einstaklings séu fæddir erlendis

eða hafi einhvern tímann haft erlent ríkisfang.

Innflytjendur eiga það sameiginlegt að hafa

annað mál en íslensku að móðurmáli, en með móðurmáli er átt við

það tungumál er barn lærir fyrst”

(Félagsmálaráðuneytið 2007).

Þegar þau gögn Hagstofunnar eru skoðuð sem varða mannfjölda á Íslandi, þá er hægt að skoða nokkra flokka sem Hagstofan hefur búið til undir liðnum “Ríkisfang, fæðingarland og bakgrunnur íbúa”. Hagstofan veitir upplýsingar um mannfjölda eftir bakgrunni, kyni, aldri og ríkisfangi árin 1996-2014, en sú flokkun er sú almennasta og inniheldur alla einstaklinga búsetta á Íslandi á þeim tíma. Aðrir nákvæmari flokkar eru svo gefnir upp. Þessir flokkar eru innflytjendur, fólk með erlendan bakgrunn, íbúar fæddir erlendis og erlendir ríkisborgarar (Hagstofa Íslands 2014). Það má gera ráð fyrir því að í flokknum “íbúar fæddir erlendis” séu ekki eingöngu einstaklingar sem eigi erlenda foreldra og séu erlendir ríkisborgarar, heldur séu í þessum hópi einnig þeir sem fæðast íslenskum foreldrum á erlendri grundu. Samkvæmt þessu eru innflytjendur fólk með erlendan bakgrunn og erlendir ríkisborgarar, sem eru í daglegu tali skilgreindir sem “útlendingar” eða “innflytjendur”.

Skilgreiningar yfirvalda geta verið aðrar en skilgreiningar almennings – eða almennaróms. Almennur tjáir sig sjaldan um innflytjendur á opinberum vettvangi nema í neikvæðu samhengi – en það er nokkuð sem getur tengst umfjöllun fjölmiðla eins og úttekt Bjarneyjar Friðriksdóttur á hatursorðræðu í ummælakerfum íslenskra fjölmiðla sýnir. Þar kemur fram að við fréttir og greinar sem fjalla á einn eða annan hátt um innflytjendur og flóttafólk séu athugasemdir með rasískum undirtón mjög algengar (Bjarney Friðriksdóttir 2014). Þar kemur einnig fram að þegar einstaklingur af erlendum uppruna og einstaklingur af íslenskum uppruna fjalla um svipað málefni fær fyrrnefndi einstaklingurinn yfirleitt neikvæðari móttökur og athugasemdirnar. Jafnframt eru umræðurnar sem skapast í tengslum við þá frétt eða grein yfirleitt ekki tengdar málefniinu heldur uppruna einstaklingsins sem er af erlendum uppruna og “fólk af erlendum uppruna virðist samkvæmt þessu ekki líðast að hafa gagnrýna rödd í samfélaginu” (Bjarney Friðriksdóttir 2014).

Í þessari rannsókn eru “innflytjendur” og “fólk af erlendum uppruna” notað sem samheiti. Hægt er að færa rök fyrir því að orðið innflytjandi sé mjög gildishlaðið, eins og greining Bjarneyjar sýnir fram á. Þar er jafnframt minnst á flóttafólk, en allt aðrar skilgreiningar og reglur gilda um einstaklinga sem hafa stöðu hælisleitenda á Íslandi, en í það verður ekki farið í þessari ritgerð. Þar sem einn einstaklingur í hópi viðmælenda er fyrrum hælisleitandi og núverandi íslenskur ríkisborgari, þá er erfitt að hugsa um hann sem hinn dæmigerða innflytjenda, þar sem innflytjendur koma yfirleitt til landsins af nokkurn veginn fúsum og frjálsum vilja. Í því samhengi á hugtakið “einstaklingur af

erlendum uppruna” jafnvel betur við, en þó er “innflytjandi” notað einnig. Þar sem þessi einstaklingur hefur sest að hér til langframa, er hann samkvæmt skilgreiningum yfirvalda innflytjandi.

2.2 Kosningarréttur og ríkisborgararéttur

Kosningarréttur er aldagamalt hugtak sem hefur í gegnum aldirnar verið fyrir endurskoðun og endurmótun, eins og svo mörg önnur hugtök. Oft er sagt að kjarni hvers lýðræðisríkis sé kosningarrétturinn (Bauböck 2005). Í stefnu íslenskra stjórnvalda um aðlögun innflytjenda segir að lýðræði sé, meðal annarra gilda, hornsteinn íslenska réttarríkisins. Önnur gildi sem þar eru nefnd eru mannréttindi, einstaklingsfrelsi og samábyrgð (Félagsmálaráðuneytið 2007). Nú á dögum er nokkuð algengara að borgarar heims hafi kosningarétt að einhverju leyti, ýmist í sínu heimalandi eða búsetulandi, jafnvel í báðum löndum (Martiniello 2005). Í samhengi þessarar rannsóknar verður hugtakið skoðað út frá tengslum við ríkisborgararétt einstaklinga. Ríkisborgararéttur er það sem veitir fólki fullan aðgang að réttindum og skyldum lýðræðisríkis, þar með talinn er kosningarrétturinn (Bauböck 2005). Bauböck veltir fyrir sér muninum á því að vera einstaklingur með ríkisborgararétt en búsettur annars staðar og að vera einstaklingur sem er ekki með ríkisborgararétt en búsettur í ríkinu. Í flestum lýðræðisríkjum heims hafa allir ríkisborgarar kosningarétt, burtséð frá búsetu, sem kann að virðast ósanngjarnt þar sem málefni og lög ríkisins hafa oft ekki bein áhrif á slíka einstaklinga, á meðan þeir sem eru búsettir í ríkinu en ekki með ríkisborgararétt fá engu ráðið. Þegar einstaklingur flyst búferlum til annars ríkis og ætlar sér að búa þar til lengri tíma hefur viðkomandi oft engan rétt til að kjósa sér stjórn, hvort sem er í svæðisbundnum kosningum eða stjórn fyrir allt ríkið. Þetta er þó ekki algilt, þar sem um 45 lýðræðisríki í heiminum leyfa einstaklingum sem ekki hafa ríkisborgararétt að kjósa í sveitastjórnarkosningum (Bauböck 2005). Það að “utanaðkomandi” hafi kosningarétt að einhverju leyti innan ríkisins hefur einungis verið raunveruleiki síðustu áratugi, en David C. Earnest setur ártalið 1960 sem upphafið að þeirri bylgju. Earnest segir jafnframt að þrátt fyrir að flest ríki heims hafi veitt innflytjendum töluvert mikil réttindi á sviðum fjárhags og borgaralegra réttinda hafi innflytjendur takmörkuð pólitísk réttindi. Earnest skoðar kosningarétt innflytjenda frá sjónarhorni ríkisins, það er að segja hann skoðar hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á það að ríki veiti innflytjendum kosningarétt. Þar nefnir hann sem dæmi að ríki sem eiga aðild að alþjóðlegum

mannréttindasáttmálum séu líklegri til að veita innflytjendum kosningarréttinn. Einnig eru ríki þar sem hátt hlutfall frjálsra félagasamtaka starfa líklegri til að veita innflytjendum kosningarrétt. Þá eru nágrannaríkin mikill áhrifavaldur en Earnest telur að ef ríki á nágrannaríki sem veitir innflytjendum kosningarétt sé það ríki líklegra til að gera eins og nágrannaríkið (Earnest 2006).

Samkvæmt íslenskum stjórnvöldum er þátttaka “nýrra Íslendinga” á öllum sviðum samfélagsins mjög mikilvæg. Einnig kemur fram í stefnu um aðlögun innflytjenda að í stjórnarskránni séu allir jafnir fyrir lögum og að með jöfnum tækifærum skapist góður grundvöllur fyrir einstaklingsfrelsið (Félagsmálaráðuneytið 2007). Samkvæmt þessu, ásamt því að lýðræði sé hornsteinn íslensks samfélags, er rökrétt að “nýir Íslendingar” hafi þann rétt sem skapar lýðræði: kosningarétt.

Í íslenskum lögum um kosningar til sveitastjórna nr.5/1998 segir:

2. gr. Kosningarrétt við kosningar til sveitarstjórnar á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili í sveitarfélaginu.

Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir kjördag [og aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag],¹⁾ enda fullnægi þeir að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

Samkvæmt þessum lögum eru það ekki eingöngu handhafar íslensks ríkisborgararéttar sem geta kosið í sveitastjórnarkosningum á Íslandi. Ríkisborgarar Norðurlandanna þurfa að hafa haft fasta búsetu á Íslandi í þrjú ár og ríkisborgarar annarra ríkja í fimm ár fyrir kjördag.

Það er alls ekki samasem merki á milli þess að hafa kosningarétt og að taka þátt. Samkvæmt Martinello hefur samspil margra þátta hvetjandi áhrif á innflytjendur til að taka þátt í kosningum. Meðal þessara þátta eru pólitískar hugmyndir og gildi viðkomandi og reynsla af pólitískri þátttöku. Þá eru það samfélagslegir þættir eins og til dæmis hvort viðkomandi finnist hann tilheyrja samfélaginu, sýn þeirra á dvölinu í samfélaginu (ætlað viðkomandi að dvelja í samfélaginu til lengri eða skemmri tíma?), tungumálakunnátta,

þekking viðkomandi á pólitíska kerfinu og svo telur Martinello að félagsauður viðkomandi eigi stóran þátt í því hvort viðkomandi taki þátt. Þá spila einnig inn í þættir sem hafa áhrif á þátttöku allra sem hafa kosningarétt, ekki bara innflytjendur, eins og aldur, kyn, menntun og félagshagfræðilegir þættir (Martinello 2005). Undir þetta taka Ramakrishnan og Espenshade (2001), sem raða upp rökfærslum sem sýna fram á að innflytjendur í Bandaríkjunum sem hafa gott vald á ensku séu líklegri til að taka þátt í kosningum.

Einnig kemur fram að þeir innflytjendur sem hafa hlotið menntun í Bandaríkjunum séu líklegri til að taka þátt heldur en þeir sem hlutu menntun í sínu heimalandi. Jafnframt telja Ramakrishnan og Espenshade að fyrsta kynslóð innflytjenda sé líklegri til að halda í pólitísk tengsl við upprunalandið (Ramakrishnan og Espenshade 2001). Þeir Dirk Jacobs og Jean Tillie vilja meina að félagsauður innflytjenda sé ráðandi þáttur í því hvort þeir séu pólitískt virkir.

Eiga þeir þá við þann félagsauð sem skapast þegar samfélag innflytjendanna sjálfra er virkt (Jacobs og Tillie 2004). Þetta er mjög athyglisvert í ljósi þess að það er oft talað um að það að innflytjendur hópi sig saman og myndi sitt eigið samfélag sem hafi neikvæð áhrif á samþættinguna í fjölmenningsarsamfélagi. Undir þetta taka Ramakrishnan og Espenshade, sem telja að þeir innflytjendur sem búa í borgum sem hafa hátt hlutfall innflytjenda séu líklegri til að taka þátt í kosningum, þar sem það sé líklegra að, til dæmis, etnískir fjölmiðlar starfi á slíkum stöðum. Á þeim stöðum sem hafa hátt hlutfall innflytjenda er auðveldara fyrir þrýstihópa og ýmis konar félagasamtök sem starfi með og fyrir innflytjendur að starfa (Ramakrishnan og Espenshade 2001).

Þá minnst Ramakrishnan og Espenshade lítillaga á það að breytingar og jafnvel hert innflytjendalöggjöf hafi hvetjandi áhrif á innflytjendur af öllum kynslóðum til að taka þátt, þar sem slík löggjöf hefur mikil áhrif á líf innflytjendanna og fjölskyldur þeirra (Ramakrishnan og Espenshade 2001).

Það sem vekur athygli er að einstaklingar sem koma frá svæðum þar sem er rík hefð um kúgun pólitískra skoðana almennings eru líklegri til að hafa efasemdir um stjórnvöld í búsetulandinu og þar af leiðandi líklegri til að taka ekki þátt í kosningum (Ramakrishnan og Espenshade 2001). Þó telja Ramakrishnan og Espenshade að það að búa að slíkri reynslu (þ.e.a.s. að hafa búið við pólitíska kúgun) geti þó haft hvetjandi áhrif, þar sem viðkomandi gæti haft mætur á “ný”fengnu pólitísku frelsi og gæti þar af

leiðandi verið líklegri til að taka þátt. Ramakrishnan og Espenshade minnst á að fræðimenn innan fræða fólksflutninga hafi ekki beint mikilli athygli að kosningabátttöku og pólitískri hegðun innflytjenda, svo það vanti frekari þekkingu á þessum atriðum til að geta sagt betur til um þessa þætti (Ramakrishnan og Espenshade 2001).

2.3 Þverþjóðleiki

Hin umrædda hnattvæðing hefur svo sannarlega áhrif á flestar hliðar samfélagsins; ekki eingöngu hefur hún áhrif á líf innfæddra heldur einnig á líf þeirra sem flytjast í nýtt samfélag (Castles og Miller 2009). Þverþjóðleiki er það kallað þegar þessir einstaklingar halda nánú sambandi við heimalandið ásamt því að lifa lífi sínu í nýju landi, en þannig skapast ákveðin félagsleg tengsl á milli þessara landa. Þá eru á lofti hugmyndir um að flokka þessa einstaklinga sem þverflytjendur (Schiller, Basch og SzantonBlanc 1995) en þar sem er ekki vitað hversu stór þessi hópur er, þá telja Castles og Miller (2009) að það eigi að nota þetta hugtak með gát. Áður fyrr voru það einkum fjárhagsleg tengsl sem þverþjóðleiki skapaði en þá voru það aðallega fyrirtæki sem störfuðu þvert á landamæri sem sköpuðu og viðhéldu þessum tengslum, eitthvað sem hefur verið kallað þverþjóðleiki að ofan. Nú á dögum, þegar ferðalög eru tíð og tækni, einkum samskiptatækni, verður betri og betri, hafa þessi tengsl færst á þverþjóðleika að neðan þar sem lægstu stig samfélagsins, þar sem innflytjendur eru oft “geymdir”, sjá um að mynda þessi tengsl (Castles og Miller 2009). Miklar rökræður hafa skapast innan fræðanna um það hvort þverþjóðleiki leggi sitt af mörkum til hnignunar þjóðríkisins, þar sem landamæri verða sífellt meira á reiki og samfélög verða sífellt meira ósvæðisbundin (Castles og Miller 2009). Samkvæmt Schiller, Basch og SzantonBlanc (1995) á kynþáttahatur stóran þátt í því að þverflytjendur kjósa að halda þverþjóðlegum tengslum, þar sem kynþáttahatur í aðseturssamfélaginu veitir innflytjendum og afkomendum þeirra ekki það öryggi sem þau þurfa á að halda og ættu að eiga rétt á.

2.4 Reynsla, upplifun, heimssýn.

Í þessari rannsókn eru tekin viðtöl við 6 einstaklinga af þeim stóra hópi sem innflytjendur í Reykjavík eru, en um tæp 10% borgarbúa eru 1. eða 2. kynslóðarinnflytjendur (Hagstofa Íslands 2014(b)). Þar af leiðandi er lítið hægt að fullyrða eða alhæfa um hópinn út frá þessum fáu einstaklingum, enda er það ekki markmið rannsókna af þessu tagi. Því er ekki hægt að spyrja spurninga eins og “hvernig

upplifa innflytjendur í Reykjavík borgarstjórnarkosningarnar 2014?” eða “hvaða málefni finnst innflytjendum í Reykjavík mikilvæg þegar kosið er?”. Með tilliti til þess er mikilvægt að varpa ljósinu á einstaklinginn og hafa í huga að skynjun, reynsla eða skilningur eins er ekki sá sami og annars. Þannig er hægt að segja að etnógráfía sé einstaklega góð aðferð til að framkvæma svona rannsókn, en etnógráfía verður til umræðu í kaflanum um aðferðafræði og framkvæmd. Eins og kemur fram í þeim kafla er etnógráfía rannsóknarhefð sem á uppruna sinn í mannfræðinni en það eru einmitt mannfræðingarnir Edwin og Shirley Ardener (1977) sem eru innblástur þessa undirkafla. Hér verður gerð tilraun til að skilgreina hugtakið reynsla (e. perception).

Reynsla fólks eru mismunandi, það sem einn upplifir á ákveðinn hátt upplifir annar á allt annan hátt, en upplifanir skapa reynsluna. Þrátt fyrir það er hægt að áætla að fólk, sem hefur svipaðan bakgrunn og býr í sama/svipuðu samfélagi, upplifi og túlki hlutina á svipaðan hátt. Þar af leiðandi upplifir fólk sem hefur mismunandi bakgrunn heiminn hver á sinn hátt og hefur mismunandi reynslus. Ardener leggur það til að samfélaginu sé hugsanlega stjórnað af upplifunum og reynslu fólks sem stendur sterkar í samfélaginu og því sé fólk sem stendur ekki jafn sterkt þvingað til að miða sinn heim og sínar upplifanir út frá upplifunum og reynslu fyrrnefnda hópsins. Það veldur því að hópurinn sem stendur sterkar passar betur inn í öll þau hlutverk sem samfélagið hefur upp á að bjóða og þar af leiðandi hafa þau yfirburði yfir hina. Þetta veldur svo því að þeir hópar sem standa ekki jafn sterkt og hafa ekki þessa yfirburði eiga erfitt með að tjá sig með þeirri orðræðu og orðaforða sem ráðandi hópurinn hefur skapað og hreinlega tjá sig ekki um málefni sín sem ráðandi hópurinn hefur ekki veitt athygli. Edwin Ardener samdi þessa kenningu, kenningu um uppbyggingu hugsana, með það í huga að í samfélaginu eru það konur sem eru hópurinn sem stendur ekki jafn sterkt og að það séu karlar sem eru ráðandi. Ardener telur jafnframt að þessa kenningu sé hægt að nota þegar aðrir hópar sem standa höllum fæti séu skoðaðir og nefnir þar sem dæmi Rómafólk í Bretlandi (Ardener 1977). Það gefur því auga leið að þessi kenning passar að sama skapi við þann hóp í íslensku samfélagi sem innflytjendur skipa. Reynsla og upplifun fólks af íslenskum uppruna skapar samfélagið sem fólk af erlendum uppruna kemur inn í og þeirra reynsla passar í mörgum tilfellum ekki við reynslu þeirra sem fyrir eru í samfélaginu. Þegar samfélagsgerðin, upplifanir og reynsla meirihlutans breytast hægt eða jafnvel ekki, myndast árekstrar og ójöfnuður.

Það er auðvelt að tengja hugtökin reynslu og upplifun við hugtakið heimssýn (e. worldview) sem tekið er frá þýskum heimspekingum, en heimssýn á við um sameiginlegar skoðanir og gildi hópa um heiminn og samband þeirra við hann (Edgar og Sedgwick 2008). Í raun má segja að heimssýn sé þéttofið net skoðana og gilda, þar sem hægt er að finna kjarnagildi og jaðargildi. Kjarnagildi eru þau sem netið byggir á, sterku þræðirnir sem skapa netið, á meðan jaðargildin eru þau sem þetta netið. Það er auðveldara að skipta út jaðargildunum þar sem þau byggja á kjarnagildunum, á meðan kjarnagildin eru grunnurinn. Ef þau breytast þarf virkilega að endurskoða öll hin gildin sem munu að öllum líkindum einnig breytast (DeWitt 2010). Heimssýn er sterklega tengd við tungumálið og þann ramma sem það setur fólki, en tungumálið aðstoðar fólk einnig við að byggja upp sína heimssýn (Edgar og Sedgwick 2008). Tungumálið er einmitt áhersluatriði í orðræðugreiningu, þar sem skoðað er hvernig orðræðan, sem tungumálið skapar, hefur áhrif á mótun einstaklingsins. Farið verður nánar í þetta í kaflanum Aðferðafræði og framkvæmd.

Þessi hugtök, reynsla, upplifun og heimssýn, hjálpa til við að skapa ákveðinn ramma í þessari rannsókn, þar sem úrtakið er verulega lítið og því er ekki hægt að komast að neinni niðurstöðu um þátttöku innflytjenda í kosningum almennt. Frekar er hægt að spá fyrir um mynstur sem mögulega gæti sagt til um almennar upplifanir innflytjenda; mynstur sem er byggt á upplifunum og reynslu viðmælenda þessarar rannsóknar. Þó þyrfti frekari rannsóknir á stærra úrtaki til að fínþússa og bæta við þetta mynstur og leggja jafnvel drög að kenningum um upplifanir og reynslu innflytjenda í kosningum á Íslandi.

3 Borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 2014

Í þessum kafla verður fjallað um málefni tengd borgarstjórnarkosningunum 2014 ásamt því að rýnt verður í niðurstöður kosninganna. Síðar, í undirkaflanum Úrslit kosninganna, verður fjallað um niðurstöðurnar í tengslum við vettvangsathuganir sem gerðar voru, þegar rannsakandi fór á framboðsfundi ætlaða fólki af erlendum uppruna.

Í þessum kafla verður skyggst inn í raunveruleika innflytjenda á Íslandi í dag, tölfræðileg gögn verða skoðuð, sem tengjast meðal annars mannfjölda og ríkisborgararétti. Þá verður kosningaþátttaka fyrri ára skoðuð og sú staðreynd einnig rædd að ekki eru til tölur um kosningaþátttöku fólks af erlendum uppruna nema frá árinu 2006.

Þeir sem fylgdust með málefnum líðandi stundar vikurnar fyrir kosningarnar 2014 urðu að öllum líkindum varir við umræðu um hið svokallaða moskumál. Þar kom í fyrsta sinn í stjórnámálum borgarinnar fram popúlískur málaflutningur, í anda kynþáttahatus og útlendingahræðslu, sem tengist innflytjendum og fólki af erlendum uppruna í borginni (visir.is 2014 (d)). Í þessum kafla verður einnig fjallað um þetta mál og eftirmála þess.

3.1 Ísland í dag

Samkvæmt nýjustu tölum frá Hagstofu Íslands (2014 (b)) eru innflytjendur á Íslandi 8,4% landsmanna. Sé önnur kynslóð innflytjenda talin með eru 9,6% landsmanna af erlendum uppruna. Af þeim fjölda eru ekki þeir sem eru taldir af erlendu bergi brotnir (annað foreldri erlent) (Hagstofa Íslands 2014(b)). Jafnframt má taka það fram að tæp 10% Reykjavíkurbúa eru innflytjendur (Hagstofa Íslands 2014(b)).

Stærsti hópur fólks af erlendum uppruna á Íslandi á rætur sínar að rekja til Póllands, eða alls 36,9% allra innflytjenda. Á eftir Pólverjum koma Filipseyingar (5,2%) og Litháar (5,2%) (Hagstofa Íslands 2014(b)). Þar sem fjöldi fólks af erlendum uppruna nálgast það að vera 10% landsmanna gefur auga leið að stjórnámálaflokkar á Íslandi þurfa að veita þessum hópi athygli og sannarlega vera fulltrúar þessa fólks ekki síður en fólks af íslenskum uppruna. Atkvæði þeirra einstaklinga innan þessara 10% sem hafa kosningarétt eru jafn góð og gild atkvæði og fólks af íslenskum uppruna. Ekki hefur borið mikið á því að fólk af erlendum uppruna taki þátt í stjórnámálum, en í borgarstjórnarkosningunum vorið 2014 voru þó nokkrir aðilar af erlendum uppruna í

framboði. Þeirra á meðal voru þau Salman Tamimi sem var í 3. sæti á framboðslista Dögunar, Sabine Leskopf sem skipaði 9. sæti á lista Samfylkingar, Tomasz Chaprek sem skipaði 10. sæti á lista Samfylkingar og Elsa Yeoman sem skipaði 2. sætið á lista Bjartrar Framtíðar. Elsa var sú eina sem náði kjöri í borgarstjórn (mbl.is 2014(a)).

Í Reykjavík buðu átta flokkar fram til borgarstjórnar: Alþýðuflokkurinn, Björt Framtíð, Dögun, Framsókn og flugvallarvinir, Píratar, Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri Grænir. Í borgarstjórn Reykjavíkur eru 15 sæti svo það var ljóst að frambjóðendur myndu berjast af krafti um sætin, þar sem framboðin voru mörg og mikill fjöldi frambjóðenda á hverjum lista (reykjavik.is).

3.2 Kosningaþátttaka fyrri ára

Í íslenskum gagnagrunnum má eingöngu finna tölur frá árinu 2006 yfir þátttöku erlendra ríkisborgara í sveitastjórnarkosningum. Þessar tölur segja til um töluverða kosningaþátttöku erlendra ríkisborgara. Alls voru 4.391 innflytjendur á kjörskrá og af þeim tóku alls 1.775 þátt í kosningunum á landsvísu, eða 40,4%, en heildarþátttaka var 78,8% (Hagstofa Íslands 2009). Í ljósi þeirrar stefnu sem sett var í byrjun þessarar rannsóknar þótti eðlilegt að athuga hvort nýrri tölur fyndust ásamt því að spyrjast fyrir um hvort slíkum tölum yrði safnað í kosningum 2014. Þegar fyrirspurn var send til Hagstofunnar um þetta fengust eftirfarandi svör:

“Því miður þá er mér ekki kunnugt um að þessum tölum hafi verið safnað nema árið 2006. Það þótti of íþyngjandi fyrir kjörstjórnir 2010 og ekki gert þá. Það hefur ekki verið ætlunin að óska eftir þessum upplýsingum núna [maí 2014] heldur að bíða þess að rafræn kjörskrá verði að veruleika”

(Viðauki 1)

Það má spyrja sig að því hvort það sé sannarlega álagið á kjörstjórnir sem kemur í veg fyrir að upplýsingum sem þessum sé safnað, eða hvort það sé hreinlega spurning um persónuvernd. Það má einnig velta því fyrir sér hvort það bjóði ekki upp á einhvers konar skrásetningu á hlutfalli kynþáttar, þjóðernis og upprunalands að ætla að tengja

kennitölu einstaklings við það hvort viðkomandi sé af erlendum eða íslenskum uppruna. Samkvæmt rannsókn sem Félagsvísindasvið Háskóla Íslands framkvæmdi í samvinnu við fleiri aðila kom í ljós að rafrænar kosningar gætu haft hvetjandi áhrif á kosningabátttöku allra landsmanna, en þátttakan var með allra lágsta mótí í sveitastjórnarkosningunum 2014 (ruv.is 2014(d)). Það ætti því að virka hvetjandi á stjórnvöld að koma því í kring að rafræn kosning fari fram, sem myndi hafa áhrif á rafræna kjörskrá. Rafræn kjörskrá þyrfti samt sem áður ekki að innihalda upplýsingar um nokkuð annað en að einstaklingurinn hafi réttinn til að kjósa, ásamt kennitölu og nafni. Annars konar bakgrunnsupplýsingar þyrftu ekki að koma fram, þótt þær kæmu að góðum notum, til dæmis við rannsóknir sem þessa hér.

3.3 Moska í Reykjavík?

Þann 23. maí 2013, sléttri viku fyrir borgarstjórnarkosningarnar, kom Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti á lista Framsóknar og flugvallarvina, fram með þau ummæli í viðtali á visir.is að draga ætti til baka lóðarúthlutun borgarinnar til Félags Múslima á Íslandi (visir.is 2014(a)). Þessi ummæli áttu eftir að draga dilk á eftir sér en í kjölfarið mældist fylgi flokksins töluvert meira en það hafði verið. Sveinbjörg tók fram að fyrir henni væri þetta spurning um íbúalýðræði og að íbúar í Reykjavík ættu að kjósa um þetta málefni, en hún taldi að á meðan Ísland hefði þjóðkirkju ætti Reykjavíkurborg ekki að úthluta ókeypis lóðum *“undir hús eins og moskur eða grísku rétttrúnaðarkirkjuna”* (visir.is 2014(a)). Þarna dregur hún fleiri trúfélög inn í umræðuna, en eins og átti eftir að koma í ljós var hún aðallega að beina sjónum sínum (og kjósenda) að múslimum.

Í kjölfar ummæla Sveinbjargar sagði Hreiðar Eiríksson, 5.maður á lista flokksins, af sér sem frambjóðandi. Hann taldi þessi viðhorf oddvitans ekki samræmast viðhorfum sjálfs síns sem og yfirlýstri stefnu Framsóknarflokksins. Hreiðar sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hann sagði:

“Þessi stefna hefur aldrei verið rædd innan framboðsins (...) Framsókn og flugvallarvinir [hafa] lagt áherslu á að koma að minnsta kosti einum fulltrúa í borgarstjórn í Reykjavík. Ég hef stutt það. Eftir atburði dagsins get ég hins vegar ekki gert það lengur.”

(Hreiðar Eiríksson 2014)

Þá er áhugavert að í samtali við ruv.is daginn eftir, 24.maí, segir Hreiðar:

“Ég taldi reyndar að þetta væri ekki afstaða framboðsins. Ég hafði síðan samband við fólk innan framboðsins og spurðist fyrir um þetta, og í framhaldi af því sá ég að þetta gat ekki farið við mína afstöðu að styðja skoðun af þessu tagi”

(ruv.is 2014(a)).

Þessi ummæli gefa í skyn að breið samstaða hafi verið um þessa skoðun innan framboðsins, en afsögn Hreiðars er einnig áhugaverð í ljósi þess að það var hann sem mætti fyrir hönd Framsóknar og flugvallarvina á framboðsfundi ætlaða fólki af erlendum uppruna. Því má spyrja sig hvort það hafi verið tilviljun, eða hvort hreinlega enginn annar hafi haft áhuga á að taka það verkefni að sér.

Næstu daga stóðu öll spjót að Sveinbjörgu og floknum hennar og var mikið skrifað um ummælin í fjölmiðlum. Fjölmiðlar höfðu samband við fleiri frambjóðendur flokksins en Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, frambjóðandi í 2.sæti flokksins, sagðist styðja það að ekki ætti að gefa lóðir til trúfélaga á meðan það væri húsnæðisvandi í borginni (visir.is 2014(b)). Visir.is hafði samband við oddvita hinna flokkanna sem buðu fram í borginni og þeir spurðir um þeirra skoðanir á þessu máli. Allir oddvitarnir sögðust styðja það að moska yrði byggð í Reykjavík, oddviti Sjálfstæðisflokksins vildi endurskoða staðsetninguna – en studdi þó bygginguna (ruv.is 2014(b)).

Þann 25. maí sagði Sveinbjörg í samtali við visir.is að hún vildi að Íslendingar lærðu af reynslu nágrannaþjóða okkar af samskiptum múslima og kristinna manna. Af þessu sést að hún beindi mikilli athygli að múslimum og stillti þeim upp sem andstæðu kristinna manna. Sveinbjörg tók þó fram að hún þekki múslima persónulega en stjúpmóðir barna hennar er múslimi. Hún sagðist vera hlynnt trúfrelsi og að skoðun hennar ætti við um öll trúfélög (visir.is 2014(c)).

Þann 26. maí vakti Guðmundur Hálfðánarson, prófessor í sagnfræði, athygli á því að forysta flokksins á landsvísu hefur ekki tjáð sig að neinu leyti um þennan málaflutning Framsóknar og flugvallarvina. Guðmundur veltir því jafnframt upp að þessi þögn geti þýtt að flokkurinn sé að athuga hver áhrif ummælanna verði og að flokkurinn sé jafnvel að fóta sig sem þjóðernispopúlískur flokkur. Guðmundur segir jafnframt að Framsóknarflokkurinn hafi með árunum verið að hallast að þessari stefnu. Það eina sem

hafi skilið Framsóknarflokkinn frá þjóðernispopúlískum flokkum í Evrópu hafi verið það að flokkurinn hafi aldrei tjáð sig á þessum nótum um innflytjendur, en þar sem það hafi nú verið gert sé erfitt að sjá muninn á Framsókn og þjóðernispopúlískum flokkum í Evrópu (visir.is 2014(d)).

27.maí hafði flokksforysta Framsóknarflokksins á landsvísu enn ekki tjáð sig um ummæli Sveinbjargar, en Sveinbjörg sagðist þá túlka þögnina sem samþykki og að hún væri þakklát fyrir traustið sem henni væri sýnt (Visir.is 2014 (e)).

Að kvöldi 28.maí birti stjórn ungra framsóknarmanna, SUF, yfirlýsingu varðandi málið:

“Stjórn Ungra Framsóknarmanna SUF, lýsir yfir fullkomnu vantrausti á oddvita lista Framsóknar og flugvallarvina, Sveinbjörgu Birnu Sveinbjarnardóttur, vegna framgöngu hennar í málefnum sem varða lóðaúthlutanir fyrir trúfélög. Framganga hennar gangi í berhögg við grunnstefnu Framsóknarflokksins um virðingu fyrir einstaklingum og að ekki skuli mismuna eftir kynþætti, kynferði, tungu, trú, þjóðerni, kynhneigð, búsetu eða stjórnsmálaskoðunum.”

(ruv.is 2014(c))

Hálftíma eftir að þessi yfirlýsing birtist á vefsíðu SUF var hún tekin niður og engin svör fengust um af hverju það var gert (ruv.is 2014 (c)). Þann 29. maí kom svo að því að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, tjáði sig í fyrsta skiptið um málefnið, en þó aðallega umræðurnar sem höfðu skapast í kjölfarið á ummælum Sveinbjargar (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson 2014). Athygli vakti að Sigmundur sagði ekki neitt um ummælin sjálf eða skoðun Sveinbjargar og hvort sú skoðun væri svipuð og sín eigin skoðun, eða hefði stuðning flokksins. Hann lagði einungis áherslu á að furða sig á viðbrögðunum og á því hvernig fólk leyfði sér að haga sér gagnvart pólitískum andstæðingum (visir.is 2014 (f)).

Daginn fyrir kjördag, 30.maí, mættust oddvitar framboðanna í Reykjavík í sjónvarpsþættinum Stóru málin á Stöð 2. Þar barst talið að því hvernig samfélagi oddvitarnir vildu búa í og þá tók Sveinbjörg Birna til máls og spurði hvort andstæðingur sinn vildi búa í samfélagi þar sem það þurfi að vera refsivert að þvinga fólk í hjúskap (Visir.is 2014(g)). Þarna átti Sveinbjörg við lög sem sett höfðu verið á í Svíþjóð nokkru

áður sem snerust um þetta. Aðspurð um hvort hún héldi að það þyrfti að grennslast fyrir um slíkt hjá múslimum á Íslandi, taldi Sveinbjörg Íslendinga þurfa að horfa “til þess hvernig hlutirnir væru á Norðurlöndunum varðandi trúfrelsisumræðu” (visir.is 2014(g)). Þarna opnar Sveinbjörg á annan anga umræðunnar og undirstrikar það enn og aftur að múslimar séu hópur sem þarf að setja skorður og að það þurfi að fylgjast sérstaklega með þeim hópi.

Eins og fjallað verður um hér að neðan náðu Framsókn og flugvallarvinir tveimur fulltrúum inn í borgarstjórn og samkvæmt skoðanakönnunum var mælanlegur munur á fylgi flokksins fyrir og eftir “moskumálið” svokallaða, en flokkurinn hafði áður ekki haft neinn fulltrúa í borgarstjórn í Reykjavík.

Eins og áður var nefnt er athyglisvert að skoða það að Hreiðar Eiríksson var fulltrúi Framsóknar og flugvallavina á framboðsfundum fyrir fólk af erlendum uppruna¹. Hreiðar var fimmti maður á lista Framsóknar og flugvallarvina og var sendur á báða fundina fyrir hönd flokksins á meðan það voru yfirleitt forystumenn- og konur hinna flokkanna sem mættu á fundina fyrir hönd sinna flokka. Þar má nefna sem dæmi, Dag B. Eggertsson sem var í fyrsta sæti Samfylkingarinnar og mætti á báða fundina, á meðan frambjóðendur í fyrsta, öðru eða þriðja sæti hinna flokkanna skiptu fundunum á milli sín² (Viðauki 4).

Áhrifin sem þetta mál hafði gefur góða mynd af því hversu nýtt fyrir Íslendingum það er að oddviti framboðs í Reykjavík, þar sem þriðjungur landsmanna býr, tjái sig á jafn afgerandi hátt um málefni innflytjenda. Þegar þetta er skrifað (lok nóvember 2014) hafa nýlega sprottið upp umræður á ný um ummæli Sveinbjargar, þar sem hún hefur yfir þessa rúmu fimm mánuði sem liðnir eru haldið áfram að tjá sig um þessi málefni á jafn afgerandi máta. Hún hefur látið frá sér ummæli sem vakið hafa undrun og umræðu og þegar fjölmiðlar inna hana eftir nánari skýringar á ummælunum skýlir hún sér á bak við húmor (dv.is 2014). Þá hefur Bjarney Friðriksdóttir (2014) gert orðræðugreiningu á umræðunni um moskuna í tengslum við kosningarnar og þar kemur eftirfarandi fram

¹Báðir framboðsfundirnir voru haldnir í apríl 2014, rúmum mánuði áður en ummæli Sveinbjargar féllu.

² Sjálfstæðisflokkurinn sendi þó frambjóðendur úr 4. og 6. sæti á fundina.

um ummæli oddvita Framsóknar og flugvallarvina og þá umræðu sem átti sér stað meðal almennings í umræðukerfum netfréttamiðla:

“[...] í tengslum við seinni umræðuna [í kjölfar ummæla Sveinbjargar] voru margir einstaklingar sem gegna, eða voru að sækjast eftir, opinberum valdastöðum í samfélaginu sem tjáðu sig með neikvæðum hætti um byggingu mosku í Reykjavík. Sú orðræða, ásamt þögn ýmissa valdamikilla aðila, kann að hafa verið túlkuð sem svo að það væri búið að gefa samfélagslegt samþykki fyrir því að setja slíkar skoðanir fram á opinberum vettangi”
(Bjarney Friðriksdóttir 2014).

Þetta atriði, að þögn valdamikilla aðila geti verið túlkuð sem samfélagslegt samþykki fyrir slíkri hegðun á opinberum vettvangi, er nokkuð sem getur haft mikil áhrif á líf innflytjenda í íslensku samfélagi. Þetta getur opnað gáttir andúðar á innflytjendum í samfélaginu og síðast en ekki síst getur innflytjendunum sjálfum liðið eins og þeir séu hreinlega óvelkomnir í samfélaginu, sem svo getur haft áhrif á vilja þeirra til að taka þátt í samfélaginu, og það getur ekki talist neinum til tekna.

3.4 Úrslit kosninganna

Vikurnar fyrir kosningar var í sífellu fjallað um skoðanakannanir og niðurstöður þeirra í fjölmiðlum, eins og iðulega er gert fyrir kosningar. Á kosningavef mbl.is má finna samansafn af skoðanakönnunum fyrir borgarstjórnarkosningarnar vorið 2014, en skoðanakannanirnar sem notaðar eru sem heimildir hér voru framkvæmdar af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands (mbl.is 2014(b)). Úrslit skoðanakannanna og úrslit kosninganna fylgja með í viðauka (viðaukar 2 og 3) aftast í þessu skjali.

Fyrstu kannanirnar voru framkvæmdar í nóvember 2013 og þær síðustu 29.maí eða 2 dögum fyrir sjálfar kosningarnar. Í samhengi þessarar ritgerðar verða einungis skoðaðar tölur úr skoðanakönnunum framkvæmdum í maímánuði (9. , 20. og 29. maí). Séu bornar saman kannanir frá 9.maí annars vegar og 29.maí hins vegar má sjá að þar hafa

Samfylkingin, Vinstri Grænir og Framsókn og flugvallarvinir aukið við fylgi sitt á þessum tíma, á meðan Sjálfstæðisflokkurinn, Björt Framtíð og Píratar hafa tapað fylgi (Viðauki 2). Samkvæmt þessum tölum yrði Samfylkingin sigurvegari kosninganna, á kostnað Bjartrar Framtíðar (áður Besti Flokkurinn) og Sjálfstæðisflokksins sem myndu þá missa fylgi miðað við úrslit borgarstjórnarkosninganna 2010, þar sem þessir tveir flokkar höfðu yfirburði.

Raunin varð sú að þessar skoðanakannanir gáfu góða mynd af raunveruleikanum; Samfylkingin jók vissulega við sig fylgi frá því 2010, Björt Framtíð og Sjálfstæðisflokkurinn töpuðu fylgi en í staðinn fengu Vinstri Grænir ásamt Framsókn og Flugvallavinum aukið fylgi (Viðauki 3).

Það má sjá, samkvæmt skoðanakönnunum framkvæmdum annars vegar 20. maí og hins vegar 29. maí, að fylgi við flokkinn jókst gríðarlega á þessum 9 dögum. Á þessu tímabili kom einmitt upp umræða um moskuna í Reykjavík, eða 23.maí, eins og áður hefur verið fjallað um (Viðauki 2).

Niðurstöður kosninganna urðu því þær að Samfylkingin hlaut 31,9% fylgi og 5 fulltrúa í borgarstjórn, Sjálfstæðisflokkurinn hlaut 25,7% fylgi og 4 fulltrúa, Björt Framtíð hlaut 15,6% og 2 fulltrúa, Vinstri Grænir 8,3% og 1 fulltrúa, Píratar 5,9% og 1 fulltrúa og Framsókn og Flugvallarvinir hlutu 10,7% fylgi og 2 fulltrúa (Viðauki 3).

Fljótlega eftir kosningarnar fóru að birtast fréttir af því að Samfylkingin, Björt Framtíð, Vinstri Grænir og Píratar væru að þreifa fyrir sér í stjórnarmyndun og hafði mbl.is eftir Degi B. Eggertssyni oddvita Samfylkingarinnar að góður samhljómur hafi verið á milli flokkanna í aðdraganda kosninganna (mbl.is 2014(a)). Það varð úr að borgarstjórn var kynnt fjölmiðlum og borgarþúum 11.júní 2014 og þá voru það þessir fjórir flokkar sem mynduðu stjórnina og var það Dagur B. Eggertsson sem varð borgarstjóri (mbl.is 2014(c)).

Þegar leggja á mat á það hversu vel eða illa þessi borgarstjórn sem nú er við stjórnvölinn hefur staðið við þau kosningaloforð sem gefin voru í kosningabaráttunni þarf að hafa í huga stuttan starfstíma hennar. Þegar þetta er ritað (seinnipart nóvember 2014) hefur borgarstjórnin verið starfandi í rúma fimm mánuði (frá 16.júní) (reykjavik.is 2014 (a)). Í samhengi þessarar ritgerðar verður fyrst og fremst farið yfir þau loforð sem gefin voru á framboðsfundunum tveimur sem haldnir voru sérstaklega fyrir innflytjendur, ásamt því að skoða svokallaðan samstarfssáttmála sem

stjórnarflokkarnir gerðu með sér við myndun borgarstjórnar. Þá er hægt að bera saman kosningaloforðin og sáttmálann og þá sést, að minnsta kosti, það sem borgarstjórnin hefur komið sér saman um að sé nógu mikilvægt til að hrinda í framkvæmd. Jafnframt er hægt að skoða nýsamþykka fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og verða atriði úr áætluninni kynnt hér að neðan.

Þegar sáttmálinn (samfylkingin.is) er borinn saman við umsagnir og yfirlýsingar frá framboðsfundunum fyrir fólk af erlendum uppruna (Viðauki 4) sést bersýnilega að það eru margir þættir sem hafa verið teknir með í sáttmálann. Í sáttmálanum má nefna þætti eins og að efla skuli móðurmálskenndu barna af erlendum uppruna. Þetta atriði var mikið rætt á framboðsfundunum og voru það Samfylkingin, Framsókn og flugvallarvinir, Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri Grænir sem töluðu aðallega um það. Flestir voru sammála um mikilvægi þess að taka vel á móti nýjum íbúum Reykjavíkurborgar og mikilvægi þess að kynna þeim réttindi sín og skyldur. Samfylkingin talaði sérstaklega fyrir því að útbúinn yrði einhvers konar upplýsingapakki í fýsisku formi sem nýbúar í Reykjavík (bæði erlendir og “innlendir”) fái við flutninginn til borgarinnar. Vinna við þennan upplýsingapakka hefur verið hafin³. Samfylkingin var eini flokkurinn sem taldi mjög mikilvægt fyrir fólk af erlendum uppruna og fjölmeninguna í Reykjavík að Cafe Cultura yrði endurreist, en þetta atriði var einnig sett inn í stjórnarsáttmálann. Einnig, samkvæmt sáttmálanum, telja stjórnarliðar mikilvægt að Reykjavíkurborg verði fyrirmyndar vinnuveitandi og endurspegli fjölbreytni samfélagsins; Framsókn og flugvallarvinir voru sammála þessu á framboðsfundunum. Þá voru atriði sem komu fram á fundunum tveim og allir voru sammála um að þyrfti að laga, eins og skortur á húsnæði, efling lýðræðis í borginni og að hlustað sé á alla hópa samfélagsins. Þessi atriði má einnig finna í stjórnarsáttmálanum svo það má segja að borgarstjórnin hafi fengið innblástur frá Reykvíkingum af erlendum uppruna á framboðsfundunum tveimur.

Í stjórnarsáttmálanum má auðveldlega finna mörg fleiri atriði sem borgarstjórnin telur mikilvæg, en það voru aðallega þau atriði sem einnig komu fram á framboðsfundunum fyrir fólk af erlendum uppruna sem voru dregin fram hér að ofan.

³ Borgarstjóri staðfesti þetta í setningaræðu Fjölmeningarþings Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar 15.nóvember 2014.

Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 2015-2019 var samþykkt í byrjun desember 2014 og gefur hún jafnframt ákveðnar hugmyndir um það hvaða kosningaloforð borgarstjórnarflokkarnir ætla sér að efna. Það má segja að fjárhagsáætlunin endurspegli stjórnarsáttmálann á vissan hátt, þar sem í áætluninni eru tilgreindar fjárupphæðir sem borgarstjórnin ætlar að nýta í hin og þessi verkefni. Þar á meðal eru upplýsingapakki fyrir nýja Reykvíkinga og sérstakt átak til að auka þátttöku barna af erlendum uppruna í frístundastarfi. Einnig er mikil áhersla lögð á barnafjölskyldur, en sem dæmi má nefna að leikskólagjöld lækka og systkinaafsláttur er í boði á öllum skólastigum (visir.is 2014 (h), visir.is 2014 (i), reykjavik.is 2014(b)).

3.5 Samantekt

Í þessum kafla var farið yfir stöðuna á Íslandi í dag hvað varðar fjölda innflytjenda og einstaklinga af erlendum uppruna á Íslandi, ásamt umræðu um lög um kosningaþátttöku. Þá var kosningaþátttaka innflytjenda árið 2006 skoðuð og velt var upp ástæðum fyrir skorti á upplýsingum um þátttökuna 2010 og 2014. Þá var slegin upp nokkurs konar tímalína af moskumálinu svokallaða og dregin upp mynd af þeim áhrifum sem málið hafði á kosningarnar. Einnig kom fram að málinu er langt í frá lokið og enn, rúmu hálfu ári síðar, blossar umræðan aftur upp. Að lokum voru úrslit kosninganna kynnt, en þá var einnig minnst á skoðanakannanir sem framkvæmdar voru í maí 2014. Einnig var stjórnarsáttmáli borgarstjórnarinnar borinn saman við kosningaloforð sem gefin voru á framboðsfundum fyrir fólk af erlendum uppruna og jafnframt var lauslega farið í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015.

Smíði þessa kafla var mikilvægur liður í upphafi rannsóknarinnar og hjálpaði til við endanlega hönnun á rannsóknarspurningum. Jafnframt vinnan til við hönnun spurningalista fyrir viðtöl tengd rannsókninni. Þá leiddi rannsóknarvinnan sem fór í að skrifa þennan kafla til þess að rannsakandi hafði mikið af grunnupplýsingum á reiðum höndum.

4 Aðferðafræði og framkvæmd

Í þessum kafla verður farið yfir aðferðir sem notast var við og hvernig rannsóknin var framkvæmd ásamt því að skráning gagna og greiningaraðferðin verða rædd.

4.1 Rannsóknaraðferðin

Í þessari rannsókn er notast við eigindlega rannsóknaraðferð, þar sem úrtakið er lítið en skoðað ítarlega. Eiginleikar eigindlegar rannsóknaraðferðar eru meðal annars athugun á tengslum kenningar og rannsókna, þar sem kenning er gjarnan sköpuð út frá rannsókninni. Annar eiginleiki er túlkunin, sem er mikilvæg í eigindlegum aðferðum þar sem rannsakendur reyna að skilja veruleikann út frá túlkunum viðmælenda sem upplifa þennan raunveruleika. Þá reynir eigindleg aðferðafræði að útskýra uppbyggingu félagslegs veruleika á þann hátt að hann sé skapaður af samskiptum (Bryman 2008). Ein af hefðum eigindlegra rannsóknaraðferða er natúralismi, þar sem leitast er við að skilja félagslegan veruleika eins og hann er í sinni hreinustu mynd og segja má að þessi rannsókn sé innan natúralisma (Bryman 2008).

Etnógráfía er sú aðferð sem notuð er við vinnuna á vettvangi þar sem rannsakandinn fer og skoðar það sem rannsaka á með eigin augum, skrifar hjá sér og túlkar svo; þannig er hægt að segja að etnógráfía sé ekki eingöngu rannsóknarhefð innan mannfræðinnar, heldur margra annarra fræðigreina (Hammersley og Atkinson 2007). Samkvæmt Barnard og Spencer er hægt að skilja etnógráfíu á tvo máta; annars vegar er etnógráfía verk, til dæmis greinar eða bækur og hins vegar ferli: þátttökuathugun. Vissulega helst þetta tvennt í hendur, þar sem það krefst þátttökuathugunar að geta framleitt verkið (Barnard og Spencer 1996). Etnógráfía snýst um að kanna félagsleg fyrirbæri, bæði með því að bera fyrirbærin saman við fyrirfram ákveðnar kenningar og hugmyndir og því að skapa nýjar kenningar og hugmyndir út frá athugunum. Úrtakið í etnógráfíu er oft lítið, sem gerir það að verkum að ekki er hægt að rannsaka það til hlítar. Þá hafa tölfræðilegar greiningar ekki stórt hlutverk í etnógráfíunni, þar sem þau gögn sem safnað er, eru iðulega frásagnir og munnlegar heimildir frá fólki af þeirra upplifunum, hefðum og slíku (Silverman 2006). Jafnframt geta önnur gögn, svo sem myndbönd og ljósmyndir, verið mikilvæg etnógráfíunni. Einnig eru það annars konar gögn, bæði munnleg og skrifleg, sem þarf að hafa með til að mynda samhengið sem upplifanirnar og hefðirnar spretta úr (Atkinson og fleiri 2001). Sífelld er verið að endurskilgreina og víkka út etnógráfíu og

síðustu ár hafa fleiri aðferðir orðið hluti af etnógraffu, svo sem sögulegar rannsóknir á makró stigi, orðræðugreining og svo rannsóknir sem eru byggðar upp á viðtölum (Hammersley og Atkinson 2007). Clifford Geertz fjallar um að etnógraffa hjálpi til við að stækka heim orðræðunnar með því að rannsakendur eigi samræður við viðfangið. Á meðan praktískir hlutar etnógraffunnar, svo sem val á viðföngum, afritun viðtala og slíkt eru mjög mikilvægir, er það vitsmunalega fyrirhöfnin sem skiptir mestu máli, það að geta túlkað og skilið út frá samhenginu það sem viðmælandinn er að segja (Geertz 1973).

Rannsakandi framkvæmdi vettvangs- og þáttökuathuganir, þar sem farið var út á meðal hugsanlegra viðmælenda í umhverfi sem bauð upp á stjórnmatatengdar umræður (framboðsfundir fyrir fólk af erlendum uppruna). Vettvangsathuganir snúast einmitt um það, að vera á meðal viðfanga og hugsanlegra viðmælenda og fylgjast með samskiptum fólks, siðum, gjörðum og svo framvegis (Bryman 2008).

4.2 Vettvangur

Gupta og Ferguson (1997) vilja meina að lykilatriðið í því sem skilur mannfræði frá öðrum tengdum greinum sé vettvangurinn; etnógraffa er aðferðafræðin sem mikið er notast við í mannfræðinni og skilgreinir á vissan hátt mannfræðina sem slíka. Jafnframt útskýra Gupta og Ferguson að löng hefð sé fyrir því í fræðunum að líta á vettvanginn eingöngu sem fyrirfram ákveðna staðsetningu, þar sem rannsakandinn dvelur langtímadvöl á meðal fólks og rannsakar siði, hefðir og annað sem þar fer fram. Samkvæmt þessari hefðbundnu skilgreiningu á vettvangi má sannarlega deila um hvort þessi rannsókn sé mannfræðirannsókn, þar sem aðeins hluti rannsóknarinnar byggir á gögnum sem var safnað á vettvangi með þáttökuathugun og í raun var tiltölulega stuttum tíma varið meðal þátttakenda. Gupta og Ferguson (1997) hafa kastað fram þeirri tilgátu að skilgreiningin á vettvanginum sé að breytast, samhliða öðrum breytingum í heiminum, og þar nefna þeir hnattvæðingu sem stóran þátt í því. Hnattvæðing veldur því að fyrirfram ákveðnar staðsetningar verða ekki lengur jafn staðbundnar, og eru fólksflutningar undirstaðan. Það má því segja að þar sem mannfræðin rannsakar það sem er bundið við mannfólkið sé mannfólkið vettvangurinn. Samkvæmt þessum tilraunum til endurskilgreiningar á vettvanginum má segja að þessi rannsókn sé sannarlega innan mannfræðinnar og að því skipi etnógraffa sinn sess hér.

4.3 Viðmælendur

Í upphafi rannsóknar var áætlað að fá gögn frá opinberum aðilum, til dæmis Hagstofunni, sem gátu komið á sambandi milli rannsakanda og viðmælanda. Það gekk hins vegar ekki svo glatt og því var gripið til þess ráðs að notast við samfélagsmiðilinn Facebook. Þar úir og grúir af alls kyns hópum fyrir innflytjendur á Íslandi, sem ætla sér annað hvort að setjast að til skamms eða lengri tíma. Oft á tíðum eru þessir hópar á Facebook staður sem fólk getur leitað til, til dæmis, þegar það vantar upplýsingar og praktísk ráð. Það eru þó allir velkomnir í þessa hópa, enda geta þeir sem eru innfæddir deilt sínum upplýsingum og ráðum til þeirra sem eru að leita eftir slíku. Inn á þessa hópa setti rannsakandi auglýsingar þar sem auglýst var eftir viðmælendum. Einu skilyrðin sem voru sett gagnvart þátttakendum voru þau að viðkomandi væri með kosningarétt í sveitastjórnarkosningum á Íslandi og að viðkomandi ætti lögheimili í Reykjavík. Þessi auglýsing var sett inn í suma hópana tvisvar sinnum til að ná til sem flestra augna.

Elsku vinir nú er ég að skrifa MA-ritgerðina mína og vantar að taka viðtöl við fólk. Eruði til í að deila þessu fyrir mig?
Halló! (*****ENGLISH BELOW*****)
Ég er að leita að um það bil 10 einstaklingum af erlendum uppruna sem eru tilbúnir til að leyfa mér að taka viðtöl við sig um upplifun sína af borgarstjórnarkosningunum í vor. Ég er nemandi í Hnattrænum tengslum, fólksflutningum og fjölmenningsfræði við Háskóla Íslands og viðtölin eru í tengslum við MA-verkefnið mitt sem ég er að vinna. Viðtölin geta farið fram á íslensku, dönsku eða ensku. Fullum trúnaði er heitið sé þess óskað. Viðmælendur þurfa ekki endilega að hafa sérstaka þekkingu á stjórnmálum, ég er að leitast eftir upplifunum einstaklinga óháð stétt, stöðu, kyns, aldurs. Eina skilyrðið sem ég set er að viðkomandi hafi kosningarétt í sveitastjórnarkosningum í Reykjavík. Endilega hafið samband í skilaboðum á Facebook eða í gegnum e-mail: gum32@hi.is.
Kær kveðja,
Guðrún Magnúsdóttir

Mynd 1 - Dæmi um hvernig auglýst var eftir viðmælendum

Hóparnir sem voru notaðir til að auglýsa í voru meðal annars “Away from home – Living in Iceland”, “W.O.M.E.N. samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi” og “Like” síðu Fjölmenningsráðs Reykjavíkurborgar, svo eitthvað sé nefnt. Einnig var auglýsingin sett í stöðuuppfærslu rannsakanda sem bað Facebook-vini sína um að deila stöðuuppfærslunni áfram. Þá hafði rannsakandi samband við Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, og þar var auglýsingunni komið áfram á Facebook hópa sem tengjast þeirri stofnun. Með þessari aðferð komst rannsakandi í samband við fjóra þátttakendur

sem þössuðu inn í þann ramma sem settur hafði verið – einn frá hverju landi; Þýskalandi, Danmörku, Kanada og Búlgaríu. Rannsakandi fékk þó skilaboð frá fólki sem buðu ólm fram aðstoð sína en uppfylltu ekki skilyrðin, það er að segja, höfðu ekki kosningarétt eða voru ekki búsett í Reykjavík.

Eftir nokkurn tíma, þegar ljóst var orðið að fleiri myndu ekki hafa samband, var önnur auglýsing sett saman þar sem auglýst var sérstaklega eftir þátttakendum frá Asíu, Afríku, Suður-Ameríku og Austur Evrópu, þar sem þeir þátttakendur sem höfðu þegar skráð sig voru allir frá Vestur Evrópu og Norður Ameríku.

Guðrún Magnúsdóttir I still need a few people to talk to, it would be great if someone from Eastern Europe, S-America, Asia, Africa or Middle East would be prepared to talk to me, since the people that have contacted me are primarily from W-Europe and N-America. Which is great, but I would really appreciate a bit more diversity 😊 Please don't be shy, you don't have to be an expert in politics, I am interested primarily in experiences and observations 😊

Mynd 2 - Auglýst eftir fólki frá ákveðnum svæðum í heiminum

Sú auglýsing var sett sem athugasemd undir fyrri auglýsinguna. Í þetta skiptið fékk rannsakandi upplýsingar um nokkra mögulega þátttakendur frá Afríku og Mið-Austurlöndunum. Eftir að hafa haft samband við þessa einstaklinga voru það þrír sem uppfylltu kröfurnar sem voru settar fram; einn frá Zimbabwe, einn frá Palestínu og einn frá Írak, þó endaði það svo að Írakanum snerist hugur á síðustu stundu. Alls urðu þetta því sex viðtöl. Upphaflega vildi rannsakandi ræða við að minnst kosti 10 einstaklinga eins og kemur fram í fyrstu auglýsingunni. Það hefði getað gefið töluvert betri mynd af raunveruleikanum hefði rannsakanda tekist að tala við tvo einstaklinga frá hverjum hópi hinna stærri innflytjendahópa. Eins og sést reyndi rannsakandi töluvert mikið að komast í samband við fólk til þess að tala við en það gekk frekar erfiðlega. Í samtölum sem rannsakandi átti við samnemendur og kunningja sem reyndu að hjálpa til við að finna viðmælendur, kom upp sú hugmynd að fólk fældist frá því að tjá sig um pólitík. Það getur verið vegna þess að fólki finnst það þurfa að vita eitthvað um pólitík til þess að geta átt samræður um hana, en þessi rannsókn snýst um upplifanir fólks frekar en þekkingu þess, eins og var tekið fram í auglýsingunum. Jafnframt er það vel þekkt að á ýmsum stöðum í heiminum er ekki vel séð að fólk tjái stjórnmálaskoðanir sínar þannig að það

gæti verið að einhverjir sem hugsanlega hefðu viljað taka þátt, hafi sett slíkt fyrir sig af fenginni reynslu.

Nákvæmnisúrtaka (purposive sampling) er aðferð við að velja viðmælendur, þar sem rannsakandi handvelur einstaklingana svo þeir tengist umræðuefninu beint. Þá getur rannsakandinn sett fram ákveðin skilyrði sem tryggja annað hvort einsleitni viðmælenda eða fjölbreytni þeirra. Slík skilyrði gera það hins vegar að verkum að rannsakandi getur ekki leyft sér að alhæfa á einn eða annan hátt út frá niðurstöðunum. Hins vegar getur það boðið upp á góðan skilning á fyrirbærinu sem verið er að rannsaka. Sú aðferð, nákvæmnisúrtaka, sem notast er við hér við öflun þátttakenda með hjálp samfélagsmiðla líkist einna helst snjóboltaúrtaki sem gengur þannig fyrir sig að rannsakandi hefur samband við einn (eða fleiri) einstaklinga sem svo hafa samband við aðra einstaklinga, og þannig rúllar boltinn áfram (Hammersley og Atkinson 2007). Hafa þarf í huga að í rannsóknum sem byggjast upp á snjóboltaúrtaki má ekki bjóða upp á alhæfingar þar sem ólíklegt er að viðmælendurnir séu þversnið af heildinni (Bryman 2008). Í samhengi þessarar rannsóknar væri hægt að segja að þeir sem eru Facebook vinir rannsakanda og þeir sem eru í hópunum sem auglýsingin var sett inn á, væru fyrsta þrep tengingarinnar við þátttakendur, sér í lagi Facebook vinirnir sem deildu stöðuuppfærslunni áfram og þannig myndaðist næsta þrep tengingar við líklega þátttakendur. Í nokkrum tilvikum voru það svo vinir Facebook vina rannsakanda sem deildu stöðuuppfærslunni, og þar með myndaðist þriðja þrepið.

Þar sem rannsakandi vildi ná til eins breiðs hóps og mögulegt væri var í upphafi engin krafa um þjóðerni sett fram. Eins og Mynd 2 sýnir var síðar meir sett krafa um þjóðerni þar sem rannsakandi vildi athuga hvort það væri einhver munur á kosningaþátttöku og upplifunum viðmælenda eftir bakgrunni, svo fjölbreytileikinn er lykillinn að þeirri þekkingu. Raunin varð hins vegar sú að það voru fyrst einstaklingar sem áttu uppruna sinn að sækja til Norður Ameríku og Vestur Evrópu, eða frá hinum svokölluðu Vesturlöndum, sem voru meirihluti þátttakenda. Það reyndist þrautinni þyngra að ná til stærstu hópa innflytjenda á Íslandi, sem til dæmis eru Pólverjar og Filipseyingar (Hagstofa Íslands (b)).

Nafn	Uppruni	Tók þátt í kosningum
Amelia	Búlgaría	Já
Bethina	Danmörk	Nei
Eliza	Kanada	Já
Mazen	Palestína	Nei
Thomas	Þýskaland	Já
Zhaveh	Zimbabve	Já

Tafla 1 : Yfirlit yfir viðmælendur

Þegar sambandi var komið á við þátttakendur var næsta skref að ákveða stað og stund fyrir viðtölin og gekk það nokkuð auðveldlega fyrir sig. Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu einhvern sérstakan stað í huga, einn þátttakandi kaus að bjóða heim til sín en hinir báðu rannsakandann að finna staðsetningu, eftir að hafa í sameiningu fundið tíma. Viðtölin gengu nokkuð greiðlega fyrir sig, lengstu viðtölin voru í kringum 32 mínútna löng á meðan stysta viðtalið var rúmlega 9 mínútur.

4.4 Spurningar og viðtöl

Innan eigindlegra rannsóknaraðferða finnast þó nokkrar gerðir af uppbyggingum viðtala; í þessari rannsókn var notast við hálf stöðluð viðtöl. Þar er miðað við að viðtalið sé nokkurn veginn skipulagt fyrirfram, með fyrirfram ákveðnum þemum og spurningum (Bryman 2008). Með hálf stöðluðum viðtölum er reynt að búa til hversdagslegar umræður með fyrirfram ákveðnu þema, án þess þó að viðmælenda líði eins og það sé verið að yfirheyra hann (Fife 2005). Kristin G. Esterberg talar um að markmiðið með hálf stöðluðum viðtölum sé að rannsaka efnið á opinskáan hátt þar sem viðmælenda er leyft að túlka spurningarnar á sinn hátt og svara þeim með sínum eigin orðum. Ennfremur heldur Esterberg því fram að viðtöl séu góð aðferð til að skilja félagslegan veruleika viðmælenda frá þeirra sjónarhorni (Esterberg 2002). Þá er gjarnan notast við viðtalsleiðavísi sem stýrir viðtalinu að vissu leyti, en þó hefur spyrjandi nokkuð svigrúm og getur bætt við spurningum eftir því sem viðtalið þróast. Komi upp málefni sem spyrjandi sá ekki fyrir að kæmi upp, getur spyrjandi spurt nánar út í það. Hinn svokallaði viðtalsleiðavísir er listi yfir spurningar sem rannsakandi hefur innan handar en það getur verið gagnlegt að búa til slíkan viðtalsleiðavísi; það er aðallega vinnan við að búa

slíkan leiðavísi til sem hjálpar rannsakanda að undirbúa sig (Bryman 2008). Alan Bryman nefnir til að mynda nokkur atriði sem vinnan við sköpun viðtalsleiðavísis hefur í för með sér – til dæmis er mikilvægt að láta viðtalið flæða vel og þá þarf að skipta upp þeim þeim sem tengjast efninu og raða þeim þannig að þau muni flæða vel. Jafnframt þurfa spurningarnar að hjálpa til við að svara rannsóknarspurningunum og forðast ber í lengstu lög að hafa spurningarnar leiðandi. Þá er tungumálið mikilvægt en orðaforðinn sem notaður er þarf að vera skiljanlegur og ekki of sérhæfður (Bryman 2008). Í undirbúningsvinnu þessarar rannsóknar var sannarlega litið til þess að spurningarnar sem viðmælendur voru spurðir gætu hjálpað til við að svara rannsóknarspurningunum. Einnig, þegar viðmælendur eru af erlendu bergi brotnir, er mikilvægt að orðaforðinn sé auðskiljanlegur. Eitt viðtal fór fram á íslensku að fullu og þar hafði rannsakandi yfirhöndina svo þar var sérstaklega mikilvægt að huga að því að orðaforðinn væri ekki of sérhæfður. Annað viðtal fór fram bæði á íslensku og ensku og þar voru rannsakandi og viðmælandi nokkuð jöfn, þar sem viðmælandinn hafði ensku að móðurmáli. Fjögur viðtöl fóru fram á ensku og þar eru rannsakandi og viðmælandi jafnari svo ekki fór eins mikill tími í að velta fyrir sér orðaforðanum fyrir þau viðtöl.

Esterberg talar um að hvert viðtal sem framkvæmt er með hálf staðlaða forminu sé sniðið að hverjum viðmælenda, og viðmælandinn hjálpar augljóslega til við að sníða það með því að svara á ákveðinn hátt, sem rannsakandi þarf svo að bregðast við, jafnvel með því að búa til spurningu jafnóðum sem tengist svarinu (Esterberg 2002).

Rannsakandi lagði upp með að hafa spurningarnar opnar og ekki leiðandi og reyndi að orða spurningarnar á þann hátt sem hvetur viðmælendur til að tala. Þannig þarf að forðast að orða spurningar, sem rannsakandi vill fá svarað í smáatriðum, á þann hátt að viðmælandi komist upp með að svara “já” eða “nei”, til dæmis. Þá er einnig mikilvægt að huga að orðalagi og orðaforða, eins og nefnt var fyrr í þessum kafla. Orðalagið getur haft áhrif á það hvernig viðmælandi túlkar spurninguna og þar af leiðandi getur orðalagið haft áhrif á svarið sem rannsakandi fær. Esterberg talar um að það geti verið góð hugmynd að spyrja bæði almennra og sértækra spurninga, almennra spurninga sem tengjast t.d. samfélaginu sem heild og sértækra sem tengjast einstaklingnum (Esterberg 2002). Eins og gefur að skilja eru öll viðtölin ólík, þar sem það eru mjög svo ólíkir einstaklingar sem koma við sögu og þar af leiðandi eru fjölmargar spurningar sem til dæmis eru í einu viðtali en ekki öðru, þar sem rannsakandi nýtti sér þann lausa ramma sem rammi hálf staðlaðra viðtala setur og þar með er möguleiki á að aðlaga viðtölin að

hverjum og einum. Sem dæmi eru sumir viðmælendur spurðir út í smáatriði tengd einhverju sem aðrir viðmælendur minntust einungis lítillega á.

4.5 Skráning og úrvinnsla gagna

Öll viðtölin voru tekin upp á upptökutæki, en rannsakandi bað þátttakendur fyrst um samþykki fyrir því. Rannsakandi var meðvitaður um það að sums staðar fylgir því áhætta að tjá stjórnmálskoðanir sínar svo öllum þátttakendum var boðið upp á trúnað og að ef þátttakandinn vildi, yrði nafni viðkomandi breytt. Það var enginn sem kaus það sérstaklega, svo raunveruleg nöfn viðmælenda eru notuð. Eftir að viðtölin höfðu átt sér stað voru þau afrituð eins fljótt og auðið var, til að aðstæður væru rannsakanda sem ferskastar í minni svo að frumgreining gæti átt sér stað samtímis. Eftir að afrituninni var lokið, hófst greining viðtalanna.

Greiningartólið sem notast er við er orðræðugreining, þar sem leitast er við því að átta sig á því hvernig félagslegu fyrirbærin verða raunveruleg í umræðu með því að rýna í frásagnir eða texta. Eins og minnst var á áður, í kaflanum um Kenningalega umræðu, skoðar orðræðugreining einnig hvernig orðræðan hefur áhrif á einstaklinginn og hvernig orðræðan verður fyrir áhrifum frá einstaklingnum. Þá er pragmatismi einn af tveim megin heimspekistefnum innan orðræðunnar, en pragmatisminn telur að tungumálið sé tjáning sem mótast af flóknu valdasambandi og að orðræða ætti alltaf að vera skoðuð í samhengi við umhverfið sem hún kemur úr. Samkvæmt pragmatisma er orðræða “félagslegar athafnir og samskipti sem eiga sér stað á ákveðnum sögulegum tíma” (Kristín Björnsdóttir 2003). Þannig má segja að valdasambandið sem viðtölin mótast af sé að einhverju leyti áhrifin sem stjórnvöld hafa á innflytjendur með því að veita þeim kosningarréttinn í sveitastjórnarkosningum á Íslandi. Ef innflytjendurnir sem eru viðmælendur í þessari rannsókn hefðu ekki kosningarrétt, hefðu þeir mögulega ekki þurft að tjá sig um það sem þeir ræddu í viðtölunum. Þannig varð orðræðan til.

4.6 Vettvangsathuganir

Eins og minnst var á fyrr í þessum kafla er almennt talið að þátttöku- og vettvangsathuganir séu stór hluti af mannfræði, og ekki síst etnógráfíu. Slíkar athuganir snúast um það að fjarlægjast sinn persónulega hversdagsleika og stíga inn í annan menningarkíma og hversdag annars fólks. Jafnframt snúast athuganirnar um að draga fram vitsmunalegu hliðarnar á athugununum og setja þær í samhengi við annað

(Bernard 2006). Í þátttökuathugunum fylgist rannsakandi með þeim hópi sem er verið að rannsaka og safnar gögnum með því að skoða hegðun, samræður og spyrja spurninga. Rannsakandinn safnar þó einnig öðrum gögnum, svo sem skjölum og viðtölum (Bryman 2008). Áhorfsathugun er svo þegar rannsakandi fylgist með rannsóknarefninu úr fjarlægð, til dæmis með því að horfa á sjónvarp, lesa fréttir og svo framvegis, og á ekki í beinum samskiptum við fólkið sem er verið að rannsaka og án tilfinningalegra tengsla eða afskipta (Dewalt og fleiri 1998). Í þessari rannsókn súast athuganirnar meðal annars um það, að rannsaka úr fjarlægð, þar sem rannsakandi var áhorfandi en ekki beinn þátttakandi, en þó er einnig hægt að skilgreina það að taka viðtal sem vettvangsathugun.

Alls voru tvær slíkar vettvangsathuganir framkvæmdar. Það verður að segjast að athuganirnar snérust þó ekki eingöngu að fólkinu sem er efni þessarar rannsóknar (innflytjendum) heldur einnig frambjóðendum stjórn mála flokkanna sem buðu fram í Reykjavík í sveitastjórnarkosningunum 2014. Í samhengi þessarar rannsóknar má segja að frambjóðendurnir séu í aðalhlutverki í þessum tveim vettvangsathugunum, þar sem það voru í raun þeirra skoðanir og heimssýn sem komið var á framfæri á framboðsfundunum sem ætlaðir voru fólki af erlendum uppruna. Þó má færa rök fyrir því að þar sem megininntak rannsóknarinnar eru upplifanir innflytjenda af kosningunum, aðdraganda þeirra og eftirmálum, að í raun og veru skarist þessir tveir hópar, innflytjendurnir og frambjóðendurnir, á vissan hátt og skapi í sameiningu vettvanginn. Þar sem þetta voru framboðsfundir, höfðu frambjóðendurnir orðið mestallan tímann, að undanskildum tímanum sem markhópurinn (fólk af erlendum uppruna) fékk til að spyrja spurninga og koma með athugasemdir. Rannsakandi fór á tvo framboðsfundi sem voru ætlaðir fólki af erlendum uppruna. Annar fundurinn var haldinn snemma að morgni á vegum Teymis um málefni innflytjenda og bar yfirskriftina “Hvað hyggst þinn flokkur gera í málefnum innflytjenda?” Þetta var svokallaður morgunverðarfundur, haldinn á Grand Hótel, og þurfti að borga 2500 krónur til að taka þátt. Seinni fundurinn hafði heitið “Skipta atkvæði innflytjenda máli?” og var haldinn á vegum Fjölmenningsaráðs Reykjavíkurborgar í Iðnó og þurfti ekki að greiða þáttökugjald fyrir að vera með á þeim fundi. Á báðum fundunum sat rannsakandi úti í sal ásamt hinum fundagestum og tók niður punkta, eða svokallaðar vettvangsnótur. Vettvangsnótur eru í raun gögnin sem rannsakandi safnar á vettvangi, skrifar hjá sér á meðan þátttökuathuguninni stendur og eftir að henni er lokið. Á hefðbundnum vettvangi, í hefðbundnum þátttökuathugunum, þar sem rannsakandi fer inn í hóp fólks og er á

meðal þeirra í daglegum athöfnum, til dæmis, getur verið þrautinni þyngra að taka vettvangsnótur, þar sem það getur verið snúið að þurfa að draga sig í hlé til að skrifa niður; það getur haft neikvæð áhrif á fólkið sem verið er að rannsaka (Bryman 2008). Þetta þurfti þó ekki að hafa í huga í þessari vettvangsathugun þar sem allir fundargestir sátu við borð hér og þar í salnum og það voru fleiri en rannsakandi sem nótuðu eitt og annað hjá sér.

Útdrátt úr gögnunum sem safnað var í vettvangsathugunum má finna í Viðauka 4.

5 Greining gagna

Hér á eftir verða niðurstöður viðtala við viðmælendur ræddar og settar í samhengi við kenningalega umræðu. Jafnframt verður efni vettvangsathugananna sett inn þar sem við á. Í lokin verða helstu niðurstöður teknar saman og búinn til heildarrámmi út frá reynslu viðmælenda.

5.1 Viðmælendur og bakgrunnur

Hér verða viðmælendur og bakgrunnur þeirra settur í samhengi við þá þætti sem teljast hafa hvetjandi eða letjandi áhrif á kosningabátttöku innflytjenda. Það eru þá aðallega kenningar Martiniello (2005), Ramakrishnan og Espenshade (2001) og Jacobs og Tillie (2004) sem notast er við hér.

Amelia Mateeva (53 ára) hefur tvöfaldan ríkisborgararétt, íslenskan og búlgarskan. Hún hefur búið á Íslandi í tuttugu og þrjú ár. Hún flutti hingað með manninum sínum sem einnig er búlgarskur en hann fékk vinnu hér á landi. Saman eiga þau þrjá syni. Það má því segja að hún og fjölskylda hennar séu hin dæmigerða innflytjendafjölskylda, þar sem hún og maðurinn hennar eru fyrstu kynslóðar innflytjendur og synir þeirra annarrar kynslóðar, en tveir yngri synirnir fæddust á Íslandi. Þar sem þau komu upprunalega til landsins vegna atvinnu mannsins hennar, má segja að þau hafi hugsað sér að setjast hér að til langframa, en það samræmist þeirri skilgreiningu sem hin opinbera stefna íslenskra stjórnvalda um aðlögun innflytjenda býður upp á (Félagsmálaráðuneytið 2007).

Amelia er háskólamenntuð en hún hlaut hluta menntunar sinnar í Búlgaríu, lauk þar meistaragráðu, og bætti við sig hér á Íslandi. Amelia er með fasta atvinnu þar sem menntun hennar nýtist. Amelia situr jafnframt í stjórn samtakanna W.O.M.E.N. sem eru samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. Það að Amelia sé með hátt menntunarstig og fasta atvinnu setur hana í þann flokk að hún ætti að vera mjög líkleg til þess að taka þátt í kosningum. Jafnframt segir kenning Ramakrishnan og Espenshade (2001) til um að einstaklingar sem hljóta menntun í búsetulandinu séu líklegri til að taka þátt í kosningum heldur en þeir sem hafa eingöngu hlotið menntun í heimalandinu. Jacobs og Tillie (2004) telja jafnframt að það hvort samfélag innflytjenda sé virkt hafi áhrif á þátttöku. W.O.M.E.N. eru sannarlega virk samtök innan samfélags innflytjenda svo það

að Amelia starfi fyrir þessi samtök ætti að hafa hvetjandi áhrif á þátttöku hennar. Þessir þættir gefa til kynna að Amelia sé töluvert líkleg til að taka þátt í kosningum.

Bethina Nilsen (32 ára) er frá Danmörku. Hún er í sambúð með Íslendingi, sem hún kynntist í Danmörku, og á með honum eitt barn. Hún lauk hluta háskólagöngu sinnar í Danmörku og hluta hennar á Íslandi. Sömu atriði eiga við um Bethinu og Ameliu; hátt menntunarstig og sú staðreynd að hún hafi hlotið hluta menntunar sinnar á Íslandi gefa til kynna að Bethina sé líkleg til að taka þátt í kosningum (Ramakrishnan og Espenshade 2001).

Eliza Reid (38 ára) er fædd og uppalin í Kanada. Hún er með íslenskan og kanadískan ríkisborgararétt, gift Íslendingi og hefur búið á Íslandi í ellefu ár. Hún bjó í fimm ár á Englandi þar sem hún var við nám og kynntist manninum sínum þar. Þau eiga saman fjögur börn. Hún útskrifaðist með BA gráðu frá háskóla í Kanada og MA gráðu frá háskóla í Englandi. Hún er sjálfstætt starfandi blaðamaður og rithöfundur. Eliza hefur hátt menntunarstig sem gerir hana líklega til þess að kjósa í kosningum.

Mazen Maarouf (36 ára) er Palestínamaður, fæddur og uppalinn í flóttamannabúðum í Líbanon. Hann hefur íslenskan ríkisborgararétt, hefur haft hann í tæpt ár, en hann kom fyrst til Íslands fyrir rúmum þremur árum. Íslenski ríkisborgararétturinn er fyrsti ríkisborgararétturinn sem hann hefur, en þar sem hann fæddist sem flóttamaður í Líbanon hefur hann hvorki haft palestínskan né líbanskan ríkisborgararétt; hann hefur í raun aldrei komið til Palestínu. Mazen hlaut menntun sína í efnafræði í Líbanon og starfaði sem kennari í faginu í níu ár; eftir það sneri hann sér að skrifum og starfar við það í dag. Mazen hefur, líkt og fyrrnefndir viðmælendur, hátt menntunarstig, sem gerir hann líklegan til að kjósa, samkvæmt Martiniello (2005). Þjóðerni Mazen er áhugavert, hann hefur aldrei komið til Palestínu og er fæddur í Líbanon, en lítur samt sem áður á sig sem Palestínumann. Þetta gefur til kynna að kenning um af-svæðisbindingu samfélaga og þjóða geti verið réttmæt (Castles og Miller 2009).

Thomas (31 árs) er frá Þýskalandi, með þýskan ríkisborgararétt. Hann hefur búið á Íslandi í fimm og hálf ár og hafði því kosningarétt í vor. Thomas hlaut sína menntun í Þýskalandi og kom til Íslands eftir að hafa verið ráðinn til starfa hjá fyrirtæki hér á landi. Thomas hefur nú skipt um vinnustað en þar er töluð íslenska í meira mæli en á fyrri staðnum. Það telur hann einn þeirra kosta sem fylgdi því að skipta um vinnustað. Thomas er með hátt menntunarstig og er því líklegur til kosningaþátttöku (Martiniello

2005). Thomas er jafnframt að vinna í íslenskukunnáttu sinni, en samkvæmt Martiniello (2005) og Espenshade og Ramakrishnan (2001) er tungumálakunnátta einn þeirra þátta sem hafa hvetjandi áhrif á innflytjendur að taka þátt í kosningum.

Zhaveh Lee Madsen (31 árs) á uppruna sinn að rekja til Zimbabwe. Hún flutti þó til Danmerkur þegar hún var ellefu ára og er með danskan ríkisborgararétt. Hún er að mennta sig sem kokkur og vinnur í eldhúsi á veitingastað í Reykjavík. Hún hefur búið hér í 11 ár, er gift Íslendingi og á með honum eina dóttur, en dóttir þeirra er með íslenskan ríkisborgararétt. Zhaveh hefur ekki hátt menntunarstig eins og er, sem gæti bent til þess að hún taki ekki þátt í kosningum (Martiniello 2005). Hins vegar, þar sem Zhaveh er að mennta sig á Íslandi, gæti það mögulega haft hvetjandi áhrif á þátttöku hennar (Ramakrishnan og Espenshade 2001). Zhaveh talar takmarkaða íslensku en það er talið hafa letjandi áhrif á þátttöku í kosningum (Ramakrishnan og Espenshade 2001).

5.2 Þátttaka í kosningunum

Samkvæmt íslenskum stjórnvöldum er þátttaka “nýrra Íslendinga” á öllum stigum samfélagsins mikilvæg (Félagsmálaráðuneytið 2007). Samkvæmt Ramakrishnan og Espenshade (2001) er líklegra að innflytjendur sem búa í borgum þar sem er hátt hlutfall innflytjenda taki þátt í kosningum. Því má segja að það sé þessi þáttur sem geri alla viðmælendur líklega til að taka þátt, þar sem Reykjavík er eina borgin á Íslandi og þar er að finna flesta innflytjendur landinu.

Þar sem Amelia tók þátt í kosningunum í vor má segja að hinir hvetjandi þættir, sem taldir voru upp að ofan, hafi haft sitt að segja. Amelia kaus Samfylkinguna. Hún er á þeirri skoðun að ef fólk hefur möguleika á því, þá eigi það að taka þátt.

*„Mér finnst bara í rauninni, ef þú átt möguleika og átt rétt á því að kjósa,
þá verður þú bara að njóta tækifærisins.“*

Þetta undirstrikar enn fremur að hún sé í þeim flokki sem Martinello hefur skilgreint; að hún sé mjög líkleg til að taka þátt í kosningum þar sem eitt af hennar pólitísku gildum er að þátttaka í kosningum sé mikilvæg. Hún hefur fylgst með íslenskum stjórnámálum í mörg ár og þekkti flokkana fyrir kosningarnar í vor. Amelia tekur fram að hún hafi nánast alltaf tekið þátt í kosningum á Íslandi þegar hún hefur mátt það, svo reynsla

hennar af pólitískri þátttöku er þó nokkur. Amelia telur sig ekki kunna mikið á stjórnsmál, en fylgist þó nokkuð með. Hún leitar sér aðallega upplýsinga í fjölmiðlum, sjónvarpi og talar við fólk um þessi mál. Hún talar íslensku mjög vel svo tungumálakunnáttan kemur á engan hátt í veg fyrir að hún leiti sér upplýsinga, en Martinello (2005) ásamt Ramakrishnan og Espenshade (2001) hafa talað um að því betri tungumálafærni sem viðkomandi býi yfir, því mun meiri líkur eru á þátttöku. Amelia þekkir fólk sem tekur þátt í stjórnsmálum, sem er einmitt enn einn þáttur sem Martinello (2005) telur mikilvægan fyrir þátttöku fólks í kosningum, eða félagsauðurinn.

Það má því segja að samkvæmt reynsluheimi Ameliu sé mikilvægt að taka þátt í kosningum. Amelia er jafnframt skólabókardæmi um einstakling af erlendum uppruna sem hefur allar forsendur til að taka þátt í kosningum í búsetulandinu.

Bethina hefur búið í fimm ár á Íslandi, svo samkvæmt lögum um kosningar til sveitastjórna nr. 5/1998 hefur hún kosningarrétt, en sem ríkisborgari Norðurlanda öðlaðist hún réttinn eftir þriggja ára búsetu. Þrátt fyrir það tók hún ekki þátt í kosningunum í vor þar sem hún vissi ekki að hún hefði kosningarétt, en hún komst að því eftir kosningarnar að hún hefði kosningarrétt.

Dæmi Bethinu segir til um að fólk þurfi að einhverju leyti að leita sjálft eftir upplýsingum um réttindi sín og skyldur; að þær séu ekki fyrir allra augum. Það er alvarlegt mál að Bethina hafi ekki vitað af rétti sínum, sérstaklega fyrir stjórnvöld sem undirstrika í stefnu sinni um aðlögun innflytjenda að allir séu jafnir fyrir lögum og að jöfn tækifæri séu mikilvæg. Einnig telja íslensk stjórnvöld lýðræði vera hornstein íslensks samfélags (Félagsmálaráðuneytið 2007). Ef íslenskum stjórnvöldum finnst mikilvægt að “nýir Íslendingar” taki þátt í samfélaginu á öllum sviðum þá þurfa íslensk stjórnvöld að tryggja það að allir “nýir Íslendingar” hafi jöfn tækifæri til þess að taka þátt. Þegar Bethina tjáði það að hún hafi ekki vitað af rétti sínum mátti skynja vonbrigðatón í röddinni og einnig sagði hún að þeir sem hún hafi talað við (Íslendingar) hafi talið að hún hefði ekki rétt. Íslensk stjórnvöld þurfa að tryggja það að innflytjendur fái upplýsingar um þessi mál, því eins og kom fram á framboðsfundinum í Iðnó, þá eru réttindi einskis virði ef fólk veit ekki af þeim (Viðauki 4).

Eliza tók þátt í kosningunum í vor. Hún telur mjög mikilvægt að taka þátt í kosningum en þegar hún sótti um íslenskan ríkisborgararétt var einn stærsti ráðandi þátturinn sá að hún gæti þá tekið þátt í öllum kosningum.

*„Þetta var aðalmálið þegar ég sæki um ríkisborgararétt,
ég veit að það er samt ekki nauðsynlegt fyrir borgarstjórnarkosningarnar.“*

Pólitísk gildi og hugmyndir Elizu hafa því hvetjandi áhrif á þátttöku hennar (Martiniello 2005). Jafnframt finnst henni mikilvægt að allir taki þátt í kosningum, mögulega einnig af virðingu við þá sem búa ekki við slík réttindi, sem þurfa að berjast fyrir réttindunum. Af þessum orðum hennar má skynja nokkurs konar “við” tilfinningu, sem gefur til kynna að Elizu finnist hún tilheyra íslensku samfélagi og það er mikilvægur þáttur í kosningaþátttöku samkvæmt Martinello (2005). Jafnframt finnst henni að þeir sem ekki kjósa hafi ekki rétt til þess að kvarta undan því sem miður fer í samfélaginu.

*„Það eru bara svo mörg samfélög þar sem fólk má ekki kjósa
og er að berjast fyrir því.
Mér finnst svo mikilvægt að allir taki þátt
og mér finnst að ef þú takir ekki þátt,
þá hefurðu ekki rétt á því að kvarta yfir neinu.“*

Það er því nokkuð augljóst að samkvæmt reynsluheimi Elizu eru kosningar mikilvægar og þátttakan mikilvægur liður í því að fólk tilheyri samfélaginu.

Mazen hefur síðustu misseri verið á ferð og flugi við að kynna skrif sín í hinum ýmsu löndum, en hefur alltaf höfuðstöðvar í Reykjavík. Hann gat kosið í fyrsta sinn á ævi sinni í borgarstjórnarkosningunum 2014, en gerði það ekki þar sem hann var erlendis að kynna skrif sín og honum tókst ekki að taka þátt í utankjörfundaratkvæðagreiðslu í Bandaríkjunum. Það má velta því fyrir sér hvort lítil reynsla Mazen af pólitískri þátttöku spili hér inn í (Martiniello 2005), að hann hefði verið líklegri til að reyna sitt allra besta til að taka þátt ef hann hefði haft reynsluna. Þó má líka kenna óheppilegum tímasetningum um að hann hafi ekki tekið þátt, því eins og kemur í ljós hér að neðan er hann mjög viljugur til að taka þátt.

Mazen finnst mjög mikilvægt að taka þátt og telur grundvallarréttindi að fá að taka þátt í því að ákveða hverjir stjórna í samfélaginu. Þótt hann hafi ekki tekið þátt í vor segir hann tilfinninguna að mega taka þátt vera stórkostlega.

*„Þetta er nokkuð sem mig hefur alltaf langað til að geta gert
og mig hefur alltaf langað að, þú veist,
sem manneskja, eða, allar manneskjur ættu að hafa þau grunnréttindi
að taka þátt í vali á pólitískri stefnu samfélags síns.“*

Hann segir að í Líbanon, Palestínu og í raun öllum Arabalöndunum sé ekki raunlýðræði, þar sem lýðræði þar sé ekki raunverulegt og mjög brothætt. Hér kemur sterkt inn það sem Ramakrishnan og Espenshade (2001) hafa rætt, hvort það sé hvetjandi eða letjandi að koma úr samfélagi þar sem ekkert lýðræði er og jafnvel þar sem fólk er kúgað vegna pólitískra skoðana sinna. Þrátt fyrir að hafa fæðst í Líbanon hefur Mazen aldrei haft rétt til að kjósa þar svo hann hefur í raun verið lýðræðislaus innan lýðræðisríkis⁴.

*„Af því að við erum svipt þessu [kosningarrétti] í Líbanon sem Palestínumenn
eða í raun almennt í Arabaheiminum, þar er ekkert raunlýðræði.
Lýðræðið þar er brothætt, brostið og falskt.“*

Í tilviki Mazen má segja að kosningarréttarleysið hafi hvetjandi áhrif á þátttöku hans; þó hann hafi ekki tekið þátt er hann mjög viljugur til þess og hefði gert það ef aðstæður hefðu leyft.

Samkvæmt þessu má segja að Mazen finnist mjög að mikilvægt að taka þátt. Jafnframt er hægt að segja að reynsla hans sé sú að kosningarréttur séu forréttindi og að þeim sem hafi þann rétt beri að taka þátt.

⁴ Eins og Mazen kemst að orði, þá er ekki raunlýðræði í Líbanon, þótt fólk hafi kosningarrétt.

Thomas hafði búið á Íslandi í minnst fimm ár fyrir kjördag svo samkvæmt lögum um kosningar til sveitastjórna nr. 5/1998 hefur hann kosningarrétt sem hann notaði. Thomas finnst mjög mikilvægt að taka þátt í kosningum og segir jafnframt að:

„Ef þú tekur ekki þátt þá finnst mér að þú hafir enga skoðun og þar með hefur þú misst réttinn til að kvarta yfir nokkrum hlut.“

Samkvæmt Thomas er mikilvægt að vera pólitískt virkur þar sem samfélagið getur hannað sig sjálf þegar meðlimir þess taka þátt. Þetta gefur sterklega til kynna að Thomas hafi fastmótaðar pólitískar hugmyndir og gildi sem hafa hvetjandi áhrif á þátttöku hans (Martiniello 2005). Thomas finnst slæmt að geta ekki kosið í landskosningum en honum finnst gott að aðkomufólk megi að minnsta kosti taka þátt í sveitastjórnarkosningunum.

Zhaveh tók þátt í kosningunum í vor. Hún lagði enga vinnu í að kynna sér framboðin, en hún kaus það sem maðurinn hennar kaus.

„Ég fylgist í raun ekki með, og gerði það ekki núna, en af því að maðurinn minn kaus og sagði mér að gera það líka þá gerði ég það.“

Zhaveh hefur tekið þátt í borgarstjórnarkosningum í öll þau skipti sem hún hefur mátt taka þátt. Eins og kom fram fyrr í textanum uppfyllir Zhaveh að minnsta kosti tvö atriði sem hafa letjandi áhrif á þátttöku hennar; lágt menntunarstig og lítil kunnátta í tungumálinu (Martiniello 2005).

5.3 Flokkarnir og stefnuskrár

Viðmælendur voru spurðir hvernig þeim þætti aðgengi að upplýsingum frá flokkunum varðandi flokkana sjálfa og stefnuskrár þeirra. Jafnframt voru viðmælendur spurðir hvað þeim þættu mikilvægustu málefni þegar kæmi að því að ákveða hvaða flokk ætti að kjósa. Þá voru viðmælendur spurðir hvort þeim þættu málefni innflytjenda mikilvæg, en til þeirra teljast mörg þau atriði sem rædd voru á framboðsfundum fyrir fólk af erlendum uppruna á Grand Hótel og Iðnó. Þar á meðal eru aðgengi að þýddu efni, aðgengi að túlkabjónustu og mismunun vegna tungumálsins.

Frá upphafi hefur Ameliu fundist upplýsingar vera auðfundnar, hún hefur yfirleitt getað fundið upplýsingar um flokkana, stefnuskrár og annað án mikillar fyrirhafnar. Amelia hljómar eins og hún sé komin með örlitla leið á stjórnámálum og því að stjórnámálamenn lofa stöðugt upp í ermina á sér og standa ekki við það.

„Ég er samt ekki í pólitík [...] og í mörgum löndum, eins og til dæmis Búlgaríu, fólk í rauninni nennir bara ekki að kjósa.“

Ramakrishnan og Espenshade (2001) ræða að líklegt sé að fólk sem kemur frá svæðum þar sem rík hefð er um kúgun pólitískra skoðana sé almennt vantrúað á heilindi stjórnvalda. Amelia kemur frá Búlgaríu sem var hluti af Sovétríkjunum meirihluta þess tíma sem hún bjó þar svo mögulegt er að sú staðreynd að hennar þjóð var ekki sjálfstæð hafi haft einhver áhrif á traust hennar til stjórnvalda.

Amelia telur að Samfylkingin tali best til sín þar sem þau málefni sem henni þykir mikilvæg, eins og málefni fólks af erlendum uppruna, eru mikið til umræðu í flokknum. Henni þykir mikilvægt að börn sem koma úr fjölskyldum sem eru af erlendum uppruna fái góðan stuðning í samfélaginu, aðallega hvað varðar tungumálið. Hún tekur þó einnig eftir því að fullorðnir gætu þurft stuðning í tungumálanáminu. Henni finnst Samfylkingin leggja áherslu á þetta og þar af leiðandi kaus hún þann flokk. Þetta samræmist því sem kom fram á framboðsfundunum, en Samfylkingin virtist vera með vel úthugaða áætlun fyrir þessi málefni (Viðauki 4). Hún telur þó að það séu ekki einungis íslensk stjórnvöld og íslenskt samfélag sem þurfi að styðja við fólkið heldur þurfi fólkið sjálft að vera opið og taka því sem í boði er.

„Sjálft fólkið sem er að koma, þau þurfa líka að vera svolítið opin sko og bara til í að taka öllu sem er í boði.“

Þar sem Bethina taldi að hún hefði ekki rétt til að kjósa, fylgdist hún minna með umræðunni, fréttaumfjöllunum og slíku en hún hefði annars gert, hefði hún vitað að hún mætti kjósa.

*„[...]af því ég hélt ég væri ekki með rétt til það kjósa
þá var ég ekkert að setja mig inni allt sem var að gerast”*

Hún sagðist þó hafa heyrt nokkuð um kosningarnar enda var umfjöllunin mikil. Bethina tók aðallega eftir Dögun í umræðunni. Þar sem Bethina minnst einna helst á Dögun, sem er töluvert minni flokkur en til dæmis Sjálfstæðisflokkurinn, má spyrja hvort félagsauður Bethinu hafi haft áhrif á þetta.

„ég heyrði bara frekar mikið um Dögun [...] já reyndar bara mest um þau”

Það má velta því fyrir sér hvort það geti verið að Bethina hafi verið í umhverfi þar sem Dögun var mikið rædd eða hvort, til dæmis, maðurinn hennar sé eða hafi verið stuðningsmaður Dögunar.

Bethina lítur ekki á sig sem dæmigerðan innflytjanda, þar sem það gilda aðrir samningar um hana en aðra og hún hefur fleiri réttindi en aðrir. Þar af leiðandi segist hún ekki hafa sérstaka skoðun á málefnum innflytjenda því hún telur það ekki snerta sig beint.

*„[...]útaf því að ég er frá Danmörku þá eru aðrir samningar á milli okkar
sem gerir að verkum að ég er með fleiri réttindi en aðrir innflytjendur.”*

Það er rétt hjá Bethinu að hún sé ekki dæmigerður innflytjandi þar sem Norðurlöndin hafa sérstaka samninga sín á milli sem snerta fólksflutninga á milli landanna. Gott dæmi um þetta er sú staðreynd að Norðurlandabúar eru þeir einu sem hljóta kosningarréttinn fyrir en aðrir, samkvæmt lögum um kosningar til sveitastjórna nr. 5/1998.

Eliza þekkti flokkana nokkurn veginn fyrir kosningarnar enda reynir hún að fylgjast vel með málefnum líðandi stundar. Hún leitar sér ekki upplýsinga í gegnum vefinn, hún fylgist frekar með fréttum og umfjöllunum í fjölmiðlum. Hún segir að valið hennar hafi staðið á milli Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar og að báðir þessir flokkar hafi gefið frá sér góða upplýsingar, einnig á ensku, á vefsíðum sínum.

*„Það var gott aðgengi að upplýsingum frá þessum flokkum,
líka á ensku og fyrir útlendinga á vefsíðum þeirra.“*

Þetta er mjög áhugavert í ljósi þess að á framboðsfundunum kom fram sú athugasemd frá áheyranda í sal að vefsíður flestra flokkanna væru eingöngu með upplýsingar á íslensku. Þá spurði þessi sami áheyrandi hvernig flokkarnir ætluðust til þess að fólk af erlendum uppruna tækju þá alvarlega ef þessu yrði ekki breytt (Viðauki 4). Þessu var augljóslega breytt í kjölfarið, sem sýnir að samskipti frambjóðenda og kjósenda skila árangri. Eliza þurfti sjálf að leita sér að upplýsingum um flokkana nema í eitt skipti þar sem fulltrúar Vinstri Grænna voru fyrir utan leikskóla barna hennar að dreifa bæklingum.

Það sem Eliza finnst mikilvægt þegar hún ákveður hvað hún ætli að kjósa er menntakerfið, sem hún setur í fyrsta sætið. Þá koma málefni innflytjenda þar á eftir. Hún telur einnig upp samgöngur og minnst sérstaklega á að það sé mikilvægt að halda vegunum hreinum á veturna, á þar við snjómokstur. Henni finnst einnig mikilvægt að list fái sinn skerf af styrkjum og öðru slíku.

Þótt Mazen hafi ekki tekið þátt í þetta sinn er hann mjög meðvitaður um pólitíska landslagið á Íslandi og segist hafa þekkt frambjóðendur og framboðin nokkuð vel. Hann segist vera einstaklega hrifinn af Jóni Gnarr og aðstoðarmanni hans, Birni Blöndal, sem var oddviti Bjartrar Framtíðar í borginni og segir að hann hefði viljað kjósa hann.

*„Ég skoðaði frambjóðendurna og, mig langaði að kjósa,
ég kann að meta Jón Gnarr.
Hann er að mínu mati algerlega einstakur maður.“*

Mazen las grein í Reykjavík Grapevine þar sem fjallað var um framboðin og fannst það gefa góða innsýn í hvað var í boði, en hann segist ekki hafa skoðað mikið meira en það á sínum tíma. Hann leitaði sér ekki upplýsinga á vefnum eða slíkt. Þetta styður við orð Hreiðars Eiríkssonar, fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina á framboðsfundinum í Iðnó, en hann sagði þar að Reykjavík Grapevine væri dæmi um vel heppnaðan samskiptamiðil sem nýtist fólki af erlendum uppruna (Viðauki 4).

Aðspurður um það hvað honum þætti mikilvæg málefni, nefnir Mazen almenningsamgöngur og verðlagninguna þar. Hann minntist einnig á túrisma og að honum þætti hann yfirleitt hafa jákvæð áhrif á borgina nema kannski þegar kemur að verðlagi, að þjónustuaðilar geti haft verðlag hátt þar sem ferðamenn geri ráð fyrir töluverðri eyðslu hér. Mazen telur að þetta komi niður á íbúum Reykjavíkur. Mazen minnst einnig á húsnæðismarkaðinn og himinhá leiguverð. Hvað varðar stefnu í innflytjendamálum hefur hann margt til málanna að leggja. Honum finnst að Ísland eigi að sækjast eftir því að vera til fyrirmyndar í þeim málum. Þar sem Ísland tekur ekki beinan þátt í þeirri eyðileggingu sem Vesturlönd valda í Mið Austurlöndunum eigi Ísland ekki að taka þátt í að loka landamærum sínum. Mazen segir að Ísland sé virki innan þess virkis sem Evrópa er. Honum finnst að Ísland eigi að taka betur á móti flóttamönnum, plássíð sé nægt og að Reykjavík geti á mjög auðveldan hátt stækkað töluvert.

Fólk eins og Mazen, sem hefur upplifað það að vera ríkisfangslaus flóttamaður, hefur margt til málanna að leggja. Eins og margir fulltrúar flokkanna sögðu á framboðsfundunum þarf í meira mæli að hlusta á innflytjendurna og móta opinbera stefnu í þeirra málefnum að þörfum þessa hóps (Viðauki 4).

Thomasi fannst aðgengið að upplýsingum nokkuð gott, telur það vera betra en í Þýskalandi.

„Af því að allir flokkarnir hafa augljóslega áttað sig á miklum fjölda útlendinga í Reykjavík, svo þá var fullt af efni í boði á ensku.“

Þó taldi hann að það væri erfitt að fá yfirsýn yfir allar upplýsingarnar en að Reykjavík Grapevine hafi komist næst því að bjóða upp á slíkt. Þá höfðu frambjóðendur einnig heimsótt fyrrum vinnustað hans. Í samanburði við Þýskaland fannst honum svipað magn upplýsinga í boði í báðum löndunum en að upplýsingunum sé beinlínis ýtt að fólki á Íslandi. Þar sem Thomas les íslensku upp að vissu marki gat hann lesið þá bæklinga sem hann fékk í pósti. Hér nýttist tungumálakunnáttan honum á vissan hátt og hafði mögulega hvetjandi áhrif á hann (Martiniello 2005; Ramakrishnan og Espenshade 2001), þar sem hann hefði annars ekki getað lesið þessa bæklinga. Þá má einnig velta því fyrir sér af hverju slíkir bæklingar eru einungis sendir út á íslensku, en þar sem allir flokkarnir töluðu mikið um mikilvægi þýðinga á framboðsfundunum (Viðauki 4), má

spyrja sig að því hvort flokkarnir ættu að líta sér nær og ekki einungis hugsa um þýðingar á opinberum gögnum og upplýsingum, heldur einnig á þess konar bæklingum. Eins og kom fram hér að ofan, þá þýddu flokkarnir vefsíður sínar yfir á, að minnsta kosti, ensku eftir framboðsfundina þar sem kom fram athugasemd um að síðurnar væru eingöngu á íslensku.

Thomasi fannst Björt Framtíð teygja sig mest til kjósenda og fannst honum flokkurinn aðallega reyna að ná til yngra fólks, ásamt því að tala til fólks af erlendum uppruna.

Fyrir Thomas eru mikilvægustu málefni þau sem snerta hið daglega líf. Hann minnst á túrisma í þessu samhengi ásamt krísunni sem er á húsaleigumarkaði, en þetta tvennt finnst honum mikilvægast. Þá talar hann einnig um menningu og samgöngur. Thomas minnst ekki sérstaklega á málefni innflytjenda, þó atriði eins og húsaleigumarkaður geti vissulega talist til þess málaflokks. Eins og komið hefur fram var Thomas með vinnu þegar hann flutti til Íslands og starfaði framan af innan fyrirtækis þar sem öll samskipti fóru fram á ensku. Því má spyrja sig hvort þættir eins og mismunur á atvinnumarkaði, þýðingar og túlkanir séu í raun hluti af hans daglega lífi.

Eins og kom fram hér að ofan kaus Zhavah, en þó ekki að eigin frumkvæði. Hún kaus eftir að maðurinn hennar hafði hvatt hana til að kjósa og aðspurð um hvað hún kaus sagðist hún einnig hafa kosið það sem maðurinn hennar sagði henni að kjósa. Samkvæmt fyrrnefndum kenningum er hægt að benda á tvö atriði sem komu mögulega í veg fyrir að Zhavah hafi tekið sjálfstæða ákvörðun. Annars vegar er það lágt menntunarstig, sem hefur áhrif á kosningabátttöku hjá öllum, ekki bara innflytjendum, og hins vegar er það lítil kunnátta í tungumálinu sem gæti haft áhrif en það er atriði sem hefur áhrif á kosningabátttöku innflytjenda (Martiniello 2005; Ramakrishnan og Espenshade 2001). Þá getur einnig verið að Zhavah hreinlega skorti áhuga til þess að kynna sér þessi mál og safna upplýsingum um flokkana og stefnuskrár þeirra.

5.4 Aðrar hagnýtar upplýsingar

Til hagnýtra upplýsinga teljast meðal annars upplýsingar um hvort viðkomandi megi kjósa, en í það var farið hér að ofan. Aðrar hagnýtar upplýsingar eru hvar viðkomandi á að kjósa og hvernig kosningin fer fram. Þar sem tveir viðmælendur tóku ekki þátt í kosningunum í þetta sinn, höfðu þau ekkert um þetta að segja.

Þótt Amelia muni ekki hvenær hún kaus í fyrsta skiptið, þá man hún að það var ekkert mál að nálgast upplýsingar um hvert hún ætti að fara til að kjósa. Hún segir að það hafi verið mjög sýnilegt í fjölmiðlum, blöðunum og slíku.

*“[...] það var bara mjög sýnilegt alls staðar sko,
þú veist, í fjölmiðlum, í sjónvarpinu, í blöðunum,
bara ég þurfti ekki að fara neitt sérstaklega og spyrja.”*

Eliza segist ekki vera með það á hreinu hvernig eða hvort hún þurfti sérstaklega að leita að þessum hagnýtu upplýsingum, þar sem hún fór í fyrsta skiptið með mannum sínum að kjósa og síðan þá hefur hún alltaf vitað hvert hún eigi að fara án þess að leita sérstaklega að þeim upplýsingum.

Thomasi fannst sérstaklega einfalt að komast að því hvar og hvernig hann ætti að kjósa, hann fór inn á vefsíðuna kjosa.is og sló þar inn kennitöluna sína. Þar komu upp þær upplýsingar að hann mætti kjósa og hvert hann ætti að fara til að kjósa. Hann minnst á að hann bjóst ekki við því að geta nálgast upplýsingarnar á rafrænan máta, en það sé skiljanlegt þar sem mikið fer fram í gegnum netið á Íslandi.

Zhaveh átti ekki í erfiðleikum með að vita hvernig og hvar hún ætti að kjósa:

*„Ég var með mannum mínum og að sjálfsögðu veit hann allt
svo ég fór bara með honum [...] og það virtist bara vera auðvelt að finna út úr þessu.”*

Jafnframt segir hún að allra fyrst hafi hún athugað málið sjálf og séð strax hvar hún ætti að kjósa og þar sem kjörstaðir séu oft í skólum í hverfinu þá hafi verið frekar auðvelt að finna út úr því næst þegar hún kaus.

Það hlýtur að teljast mjög jákvætt að öllum viðmælendum, sem tóku þátt, hafi fundist auðvelt að finna þessar hagnýtu upplýsingar. Þetta er dæmi um nokkuð sem stjórnvöld gera rétt; hafa upplýsingarnar sýnilegar og aðgengilegar. Eins og Thomas segir þá hafa stjórnvöld útbúið vefsíðu sem veitir þessar upplýsingar, en eins og dæmi Bethinu hins vegar segir til um, vita ekki allir af þessari vefsíðu. Annars hefði Bethina vafalaust vitað á

sínum tíma að hún mætti taka þátt. Vissulega geta stjórnvöld því gert betur. Þetta er atriði sem tvímælalaust á heima í upplýsingapakkanum sem borgarstjórnin hefur hafið vinnu við að útbúa (Viðauki 4), enda er þátttaka í lýðræðinu einn af grunnþáttum samfélagsins (Félagsmálaráðuneytið 2007).

5.5 Þverþjóðleiki

Það er athyglisvert að skoða þennan þátt, þverþjóðleika, í tengslum við pólitíska þátttöku innflytjenda. Eins og Bauböck (2005) veltir upp getur það virst ósanngjarnt að einstaklingur sem býr ekki í sínu heimalandi hafi samt sem áður kosningarétt og geti kosið um málefni sem koma honum jafnvel ekki beint við. Það er hægt að líta á þetta sem hluta af-svæðisbindingu þjóðríkisins, þar sem lýðræði ríkisins fer í raun og veru fram að hluta til utan landfræðilegs svæðis þess (Castles og Miller 2009). Það getur verið athyglisvert að skoða hvort innflytjendur taki þátt í kosningum í sínu heimalandi. Jafnframt hvort viðmælendum þyki svipaðir málaflokkar mikilvægir í heimalandi sínu og hér í búsetulandi. Það getur líka verið athyglisvert að skoða hvort tengsl séu á milli þverþjóðleika og upplifunar á rasisma, eins og Schiller, Basch og Szanton Blanc (1995) tala um.

Amelia man ekki hvort hún tók þátt í kosningum í Búlgaríu áður en hún flutti til Íslands, en heldur það. Hún tekur ekki þátt í utankjörfundaratkvæðagreiðslu og segist vera hætt að fylgjast með í Búlgaríu. Henni finnst að skoðun fólks sem býr ekki í landinu skipta minna máli og þess vegna hefur hún ekki lagt sig fram við að taka þátt og fylgjast með. Samkvæmt þessu er Amelia sammála Bauböck (2005) um að það sé ósanngjarnt að fólk búsett utan ríkisins hafi nokkuð að segja um málefni þess. Hún telur í raun að skoðun hennar skipti engu máli í Búlgaríu, á meðan hún býr ekki þar.

„Mín skoðun skiptir engu máli, ég á ekki heima þar [...].

Mér finnst að mín skoðun verður ekki mikilvæg og já,

ég er bara hætt að fylgjast með.”

Hún hefur enga skoðun á því hvers hún myndi helst horfa til ef hún ætti að kjósa núna í Búlgaríu. Þetta gefur í skyn að Amelia sé ekki hinn dæmigerði þverflytjandi þar sem hún fylgist takmarkað með pólitík í upprunalandinu sínu og einbeitir sér alfarið að

Íslensku samfélagi. Amelia minnst ekki á að hún hafi orðið fyrir rásisma svo ekkert er hægt að áætla um tengsl milli þverþjóðleika og rásisma í hennar dæmi. Þrátt fyrir það má velta því fyrir sér hvort þverþjóðleika-leysi Ameliu hafi eitthvað með þessa staðreynd að gera, að hún hafi ekki upplifað rásisma og þar af leiðandi finni hún ekki þá þörf hjá sér að vera í nánnum tengslum við heimalandið.

Bethina tekur þátt í utankjörstaðaratkvæðagreiðslu þegar það eru kosningar í Danmörku, en er ekki dyggur aðdáandi einhvers eins flokks, þar sem flokkarnir breytast í sífellu og henni finnst mikilvægt að fylgjast með því. Þverþjóðleiki gæti því átt við um Bethinu, en þar sem fjölskylda hennar býr í Danmörku þá á þverþjóðleiki líklega við um fleiri hliðar í hennar lífi heldur en eingöngu pólitíska þátttöku. Þar sem hún og maðurinn hennar bjuggu fyrst í fimm ár í Danmörku og hafa nú búið í fimm ár á Íslandi getur vel verið að þau geti hugsað sér að fara aftur til Danmerkur í einhvern tíma og þannig halda þau sambandi við bæði löndin.

Eliza tekur þátt í þingkosningum í Kanada en hún er nýlega búin að fá þann rétt aftur eftir að kanadíska ríkið breytti lögum sínum sem snúa að þessu. Eliza tekur þátt í kosningu í heimalandinu þegar hún má en hún hefur nýlega fengið réttinn til að kjósa í þingkosningum aftur. Áður fyrr voru lög in Kanada þannig að þeir sem höfðu búið erlendis í nokkur ár misstu kosningarréttinn alfarið. Eins og hjá Bethinu, á þverþjóðleiki við um Elizu, en mögulega einungis að pólitísku leyti. Eliza telur að hún kjósi um önnur málefni í heimalandi sínu en á Íslandi, en þar sem hún býr ekki þar þá einbeittir hún sér ekki að smærri málefnum heldur kys frekar eftir grundvallarstefnum og heimspeki stjórnmalaflokkanna. Það gefur ekki góða raun að bera saman málefni og stefnuskrár í borgarstjórnarkosningum annars vegar og þingkosningum hins vegar þar sem seinni kosningarnar eru, eins og gefur að skilja, töluvert umsvifameiri á allan hátt.

Þar sem Mazen hefur aldrei haft rétt til að taka þátt í kosningum í sínu upprunalandi var hann spurður að því hvort hann fylgdist með því sem væri að gerast þar.

„Ég fylgist stöðugt með stöðu mála í Líbanon, þar sem ég fæddist.

Og líka í Palestínu, þaðan sem ég er upprunalega.”

Hann segir að þessi tvö ríki hafi skapað hann að öllu leyti, skapað stjórnmalaskoðanir hans og hafi til dæmis áhrif á skrif hans. Hann tekur jafnframt fram að hann hafi þrátt

fyrir allt aldrei komið til Palestínu, en núna fyrst hafi hann möguleikann á því, sem íslenskur ríkisborgari með evrópskt vegabréf. Mazen er augljóslega ekki hinn dæmigerði þverflytjandi; hann hefur ekki ríkisborgararétt eða önnur réttindi í upprunalöndum sínum. Hann ólst þó upp í Líbanon og hlaut menntun sína þar svo hugvitið, siðir hans og menning flytjast vissulega með honum til Íslands. Það má þó velta því fyrir sér hvernig þverþjóðleiki sem slíkur spilar þar inn í. Eins og áður var minnst á, þá er þjóðerni Mazen áhugavert, þar sem hann kynnir sjálfan sig sem Palestínumann þrátt fyrir að hafa aldrei komið þangað. Hin palestínska menning sem hann ólst að líkindum upp við í flóttamannabúðunum í Líbanon hefur greinilega haft meiri áhrif á hann heldur en líbönsk menning.

Thomas heldur enn öllum sínum réttindum í Þýskalandi. Hann má því kjósa í bæði þing- og sveitastjórnarkosningum í Þýskalandi. Hann hefur hins vegar ekki tekið þátt í sveitastjórnarkosningum þar sem hann má kjósa á þeim stað sem hann bjó síðast. Thomas bjó þar vegna vinnu sinnar og hefur því engin tilfinningaleg tengsl við þann stað svo honum finnst ekki þess virði að vinna alla pappírsvinnuna sem þarf til að kjósa þar. Hins vegar kys Thomas í þingkosningum og þar finnst honum málefni sem hafa áhrif á daglegt líf fólks mikilvæg. Hann telur að flokkarnir í Þýskalandi og á Íslandi gefi loforð um hvað á að gera en segja aldrei til um hvernig það verði gert:

*„Mér finnst flokkarnir í Þýskalandi og á Íslandi svipaðir að mörgu leyti,
þeir gefa yfirleitt loforð um hvað þeir ætla að gera,
en ekki hvernig þeir ætli að gera það.“*

Thomas er meðvitaður um að hans eigin reynsla bjóði eingöngu upp á samanburð á ríkisstjórn Þýskalands og borgarstjórn Reykjavíkur, svo hann segist eiga erfitt með að gera samanburð á reynslu sinni að kjósa í Þýskalandi og í Reykjavík. Thomasi finnst líklegt að hann myndi líta til sömu málefna, ef hann mætti kjósa í þingkosningum, á Íslandi og í Þýskalandi. Mætti hann kjósa í Alþingiskosningum þætti honum til dæmis túrismi mikilvægt málefni, ásamt fiskveiðikerfinu og dreifingu auðs í því samhengi. Það má segja að þverþjóðleiki sé hluti af lífi Thomas að vissu marki, á svipaðan hátt og hinna viðmælendanna.

Zhaveh tekur ekki þátt í kosningum í Danmörku en henni finnst hún ekki þurfa að gera það þar sem hún býr á Íslandi og fylgist ekki með stjórnámálum, hvorki á Íslandi né í Danmörku. Það er því ekki hægt að segja að þverþjóðleiki spili hlutverk í lífi Zhaveh að þessu leyti.

Þrátt fyrir að sumir viðmælendur taki þátt í kosningum í sínu heimalandi þá má velta því fyrir sér hvort það sé þverþjóðleiki í hreinni mynd þar sem það eru ekki mikið um önnur tengsl við heimalandið. Það gæti verið að frekar sé hægt að nota hugtakið pólitískur þverþjóðleiki í þessu samhengi, sérstaklega þar sem þessi rannsókn snýr að pólitískri þátttöku viðmælenda og ekki var spurt út í önnur tengsl við heimalandið.

5.6 Framboðsfundir

Fólk af erlendum uppruna átti þess kost að mæta á tvenna framboðsfundi sem ætlaðir voru þeim. Annars vegar var fundur á Grand Hótel og hins vegar í Iðnó. Báðir fóru þeir fram í apríl 2014. Fundurinn á Grand Hótel fór fram á íslensku en hinn á ensku (Viðauki 4). Rannsakandi tók eftir því að þessir fundir voru ekki mikið auglýstir en þó var sá seinni meira auglýstur, aðallega á hinum ýmsu hópum fyrir fólk af erlendum uppruna á Facebook.

Amelia vissi af framboðsfundunum en hún mætti ekki á þá. Henni finnst þó mjög mikilvægt að svona fundir séu haldnir, þótt hún sæki þá ekki sjálf. Hún sótti ekki heldur annars konar framboðsfundi. Hún segist fylgjast með fréttum og slíku af stjórnámálum þótt hún eyði ekki miklum tíma í að skoða það sérstaklega. Hún var þegar búin að ákveða hvað hún ætlaði að kjósa svo henni þótti ekki mikilvægt að fara á framboðsfundi eða afla sér frekari upplýsinga um önnur framboð.

Eliza vissi af einum framboðsfundi fyrir fólk af erlendum uppruna en fór ekki á þann fund þar sem hún komst ekki, en hún fór á svipaðan fund sem haldinn var fyrir síðustu forsetakosningar. Henni finnst mikilvægt að svona fundir séu haldnir, sérstaklega fyrir sveitastjórnarkosningar, þar sem fleiri hafi kosningarétt sem eru ekki upprunalega frá Íslandi og standi þar af leiðandi ekki til jafns við þá sem eru upprunalega frá Íslandi. Einnig finnst henni jákvætt að þessir fundir séu haldnir á ensku. Henni finnst að fólk eigi hiklaust að nýta sér þessa fundi þar sem þetta sé gott framtak af hálfu þeirra sem skipuleggja þessa fundi. Þar sem það er ekki bundið í lög að þessir fundir séu haldnir, sé þetta gert af tillitssemi við fólk af erlendum uppruna.

*„Ég held þetta sé sérstaklega gagnlegt í sveitastjórnarkosningum á Íslandi
því þú þarft ekki að vera íslenskur ríkisborgari til að fá að kjósa
[...]svo mér finnst fallegt af þeim að hafa þennan hóp í huga.“*

Það má gera ráð fyrir því að reynsla Elizu af svona fundum sé jákvæð þar sem hún hefur sjálf farið á einn slíkan og að henni finnist þeir mikilvægir.

Thomas varð var við framboðsfundi fyrir fólk af erlendum uppruna en var ekki viðstaddur þessa fundi. Um slíka fundi hefur Thomas ýmislegt að segja, þar á meðal:

*„Allir þessir viðburðir, þú veist, þeir [frambjóðendur] eru þangað komnir
til að segja þér það sem þú vilt heyra. Sem er skiljanlegt,
og líklega ástæðan fyrir því að þeir eru í pólitík,
þeir eru þarna til að segja fólki það sem það vill heyra.
Að mínu mati eru slíkir fundir frekar gagnslausir.“*

Jafnframt telur Thomas að ef einhverjar virkilega krefjandi spurningar koma fram, þá sé því ævinlega svarað á þessa leið: “þetta er góður punktur, við ræðum þetta seinna”, sem Thomas telur að þýðir í raun að þessu verði svarað þegar frambjóðendur vilji svara þessu. Reynsla Thomasar er því ekki góð, en hún tengist reynslu hans af pólitískri þátttöku þar sem hann hefur upplifað að þessir fundir gagnist honum í raun ekki. Þetta hafði augljóslega áhrif á vilja hans til að mæta á fundina og fá þannig upplýsingar um stefnuskrár flokkanna. Það má spyrja sig hvernig og hvort það sé hægt að koma í veg fyrir að neikvæð fyrri reynsla innflytjenda af pólitískri þátttöku hafi áhrif á þátttöku þeirra á Íslandi þar sem þeir eru búsettir. Þetta atriði á vissulega við um fleiri þætti en að mæta á framboðsfundi.

Zhaveh vissi ekki af framboðsfundunum fyrir fólk af erlendum uppruna:

*„Ég hefði viljað vita af þessu [fundunum],
kannski hefði ég orðið áhugasamari.“*

Meiri áhugi á kosningunum hefði mögulega þýtt að Zhaveh hefði tekið sjálfstæða ákvörðun um hvað hún ætti að kjósa.

Henni finnst mikilvægt að slíkir fundir séu haldnir, á ensku, þar sem margir sem mæti tali ekki íslensku en geta verið áhugasamir um stjórnmál. Sumir viti jafnvel ekki hvernig kerfið virkar og þá sé gott fyrir fólkið að hitta frambjóðendurna. Í raun skipti það máli fyrir alla, burtséð frá því hvort viðkomandi er innflytjandi eða ekki.

*„Það er mikilvægt að frambjóðendur tali við fólk sem mögulega kýs þá,
sama hvort þeir séu af erlendum eða íslenskum uppruna.
Ef þér líður eins og þú sért ekki með þá auðvitað kýstu ekki
og ert þá nokkurn veginn útundan.“*

Þessi athugasemd Zhaveh rennir stoðum undir það sem Martiniello (2005) segir, að það sé líklegra að einstaklingurinn taki þátt í kosningum finnst honum hann heyra til í samfélaginu. Það er mjög áhugavert að þegar talið barst að framboðsfundunum varð Zhaveh frekar áhugasöm, en fram að því hafði hún ekki sýnt áhuga á því að ræða meira en nauðsynlegt var. Það sést því bersýnilega að það sem flestir töluðu um á framboðsfundunum sé nokkuð rétt, að það þurfi að sýna innflytjendum að þeir eru velkomnir hér (Viðauki 4). Jafnframt er mögulegt að ef þeir sem fyrir búa á Íslandi sýni að þeir vilji að innflytjendur taki þátt í samfélaginu og hjálpi þeim til þess, þá verði þátttakan meiri. Alþýðufylkingin, og fleiri, tóku það sérstaklega fram að aðlögun innflytjenda þurfi að vera gagnkvæmt ferli sem allir landsmenn, nýir og gamlir, þurfi að taka þátt í (Viðauki 4).

Á framboðsfundinum í Iðnó voru fulltrúar flokkanna spurðir að því hvort þeim þætti samfélagið í Reykjavík vera útilokandi eða innlimandi. Flestir voru á því að samfélagið væri útilokandi, sem augljóslega er nokkuð sem þarf að laga. Á fundunum voru nefnd atriði eins og mismunur á leigumarkaði og atvinnumarkaði og að þar spiluðu tungumálhindranir stórt hlutverk. Allir frambjóðendur voru sammála um að bæði þurfi að bæta aðgengi að tálkaþjónustu, þýðingar þurfi að verða betri og fjölbreyttari og íslenskukennsla fyrir útlendinga þurfi að vera betri og aðgengilegri. Jafnframt var móðurmálskennsla talin mjög mikilvægur þáttur í vel heppnaðri aðlögun og samþættingu (Viðauki 4).

Enginn viðmælendanna var viðstaddur framboðsfundina og því er ekki hægt að túlka upplifun þeirra eða reynslu af þessum fundum. Þó voru þeir sem tjáðu sig um fundina nokkuð sammála um að svona fundir séu mikilvægir og þá var minnst á að það væri gott að þeir væru á ensku. Það er vert að taka það fram að annar fundurinn fór fram á íslensku, sem gengur þvert á það sem frambjóðendur höfðu að segja um þýðingar og túlkanir á báðum fundumog verður sá fundur að teljast fremur útilokandi. Jafnframt kostaði inn á þann fund. Það er því nokkuð ljóst að það þarf að gera betur í þessum málum, það dugir ekkert hálfkák vilji íslensk stjórnvöld virkilega að nýir Íslendingar taki þátt í samfélaginu og lýðræðinu af fullum krafti, eins og þau hafa lýst yfir (Félagsmálaráðuneytið 2007).

5.7 Moskumálið

Viðmælendur voru meðal annars spurðir á hvaða hátt þeir hefðu tekið eftir umræðu um moskuna í Reykjavík og hvort umræðan hefði haft áhrif á þeirra daglega líf. Jafnframt hvort umræðan hafi haft áhrif á vilja þeirra til að taka þátt í kosningunum eða samfélaginu. Þar sem moskumálið hafði jafn mikil áhrif á kjósendur og tölur um fylgi flokkanna gefa til kynna þá taldi rannsakandi óhjákvæmilegt að spyrja viðmælendur um þetta.

Amelia tók eftir umræðunni um moskuna og því mótlæti sem Framsókn og flugvallarvinir mættu í kjölfar ummæla oddvitans. Sjálf er Amelia ekki spennt fyrir að moska sé byggð í Reykjavík, en þrátt fyrir það styður hún ekki Framsókn og flugvallarvini. Hún segir að sér finnst óþarfi að byggja moskuna. Henni finnst óþarfi að svona fámennur hópur fái sérstaka byggingu fyrir sína trúariðkun. Henni fannst frambjóðendur hinna flokkanna ráðast á Framsókn og flugvallarvini á vissan hátt, þótt þeir ættu öll rétt á sínum skoðunum. Henni fannst andstæðingarnir gera þetta af frekar mikilli hörku:

„Allir hafa sína skoðun og skiluru, kannski voru þau [mótframbjóðendur]

svolítið svona, ég get kannski ekki sagt gróf en

mér fannst bara allir á móti Framsóknarflokknum útaf moskunni.”

Málið hafði þó engin áhrif á hennar daglega líf og hún upplifði það ekki þannig að fólk myndi ræða þetta sérstaklega við hana. Hún var búin að ákveða að taka þátt í kosningunum fyrir þetta svo málið hafði ekki áhrif á vilja hennar til að kjósa. Að sama skapi hafði hún ákveðið hvað hún ætlaði að kjósa áður en þetta kom upp svo umræðan hafði ekki áhrif á hana að því leyti.

Bethina varð vör við umræðuna sem fylgdi í kjölfar ummæla oddvita Framsóknar og flugvallarvina og segir að ekki sé langt síðan svipuð umræða fór fram í Danmörku, en þar er nú leyfilegt að byggja moskur. Bethina segist ekki skilja af hverju það sé svona mikið mál að leyfa byggingu á mosku þegar hér eru kaþólskar kirkjur og Jehóva kirkja. Bethina segist hafa orðið vör við að almenningur studdi byggingu moskunnar og hún segir að það sé meiri jákvæðni á Íslandi í garð moskubyggingar á meðan hræðsla er áberandi í Danmörku.

*„Mér fannst ég finna mjög mikið fyrir fólki sem var mjög opið
fyrir því [að leyfa byggingu mosku í Reykjavík]
og það heyrðist meira í þeim jákvæðu, ekki sama hræðslan og úti.“*

Það má því velta fyrir sér hvort áhyggjur Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, um að Íslendingar þurfi að læra af nágrannaþjóðum sínum, séu óþarfar. Samkvæmt Bethinu er viðhorfið betra á Íslandi en í Danmörku svo það má að vissu leyti segja að Íslendingar hafi lært af nágrannaþjóðunum, en ekki á “fyrirbyggjandi” máta sem Sveinbjörg gefur til kynna að þurfi að gera, heldur af opnum huga með tilliti til fjölbreytileikans. Það getur þó verið að hér hafi félagsauður Bethinu aftur áhrif á upplifun hennar og að þeir sem hún umgengst hafi hugsanlega töluvert opinn huga og sýni tillitssemi. Bæði hið aukna fylgi Framsóknar og flugvallarvina og niðurstöður úr skýrslu Bjarneyjar Friðriksdóttur (2014) um hatursorðræðu tengda moskunni gefur til kynna að vissulega sýni hluti af íbúum Reykjavíkur ekki þessa þolinmæði sem Bethina talar um.

Eliza tók eftir umræðunni um moskuna og finnst eins og Framsókn og Flugvallarvinir hafi fyrst og fremst einbeitt sér að því styrkja fylgi sitt meðal mögulegra fylgjenda sem flokkurinn hafði fyrir. Hún telur að þeir sem tóku illa í ummæli oddvitans hafi hvort eð er ekki ætlað að kjósa flokkinn svo ummælin hafi í raun ekki haft fælandi áhrif á neinn. Þannig hafi flokkurinn frekar fengið aukinn stuðning frá þeim sem voru sammála. Hún telur slíka pólitík vera kaldrifjaða og ekki koma á óvart. Hún tók ekki sérstaklega eftir

viðbrögðum frá hinum framboðunum en telur að þau hafi líklega tekið illa í þetta líkt og hún sjálf og þeir sem hún þekkir. Málið hafði engin áhrif á daglegt líf Elizu og hafði ekki heldur áhrif á vilja hennar til að taka þátt í samfélaginu eða kosningunum.

Mazen fylgdist ekki sérstaklega með umræðunni í kringum kosningarnar, en varð þó var við umræðurnar varðandi ummæli oddvita Framsóknar og flugvallarvina um moskuna. Aðspurður segir hann að honum finnst ummælin til skammar og að samkvæmt stjórnarskrá Íslands eigi allir rétt á að stunda sína trú, svo lengi sem engin lög séu brotin.

*„Þetta er skammarlegt af því að, ég held að samkvæmt
íslenskri stjórnarskrá á fólk rétt á því að iðka sína trú og hugmyndafræði
svo lengi sem þau brjóta ekki lög.“*

Mazen segir að það eigi ekki að gera ráð fyrir því fyrirfram að einstaklingar brjóti lög og á þeim grundvelli fyrirbyggja það að moska sé byggð. Hann telur að um leið og fólk líði eins og það sé velkomið verði allt í lagi. Honum finnst mikilvægt að Ísland sé fyrirmynd, því það sé hvort eð er ekkert land í Evrópu sem sé að gera nokkuð sem komi til með að laga ástandið. Hann segir hægri öfgamenn vera að festast í sessi í æ fleiri ríkjum. Hann telur það jafnframt hrikalegt að manneskja í stöðu oddvita á framboðslista tjái sig á þennan hátt.

Mazen segir:

*„Fólk bregst við á ofbeldisfullan hátt ef því er ógnað,
ef þeim líður eins og þau séu undir árás,
ef þeim finnst þau vera að missa rétt sinn til lífs,
ef þeim finnst þau vera jaðarsett eða sett inn í staðalímynd
eða að aðrir menningarhópar séu að ráðast að þeim á einhvern hátt.“*

Þar af leiðandi óttast Mazen að Ísland taki ekki vel á móti þessu fólk og komi fyrst og fremst fram við það sem trúaða einstaklinga, því að trú á ekki að vera eitthvað sem ríkið skiptir sér af. Svo lengi sem fólk fer að lögum þá eigi ríkið ekki að skipta sér af. Hann líkir ummælum oddvita Framsóknar og flugvallarvina við aðfarir Bandaríkjamanna í

Guantanamo, þar sem fólk er fangelsað af varúðarráðstöfunum, þrátt fyrir að hafa ekki gert neitt af sér. Hér styður Mazen við það sem Martiniello (2005) tekur fram, að það sé mikilvægt að fólki finnist það tilheyra samfélaginu til að það taki þátt í því.

Mazen hefur orðið var við að fólk ræði þessi mál við hann vegna þess að hann er af erlendum uppruna; hann var beðinn um að ræða þetta við fjölmiðla á einum tímapunkti en hann neitaði því þar sem honum fannst það ekki gera neitt gagn.

*„Mér fannst bara að ef ég myndi svara þessu fólki á einhvern hátt,
fólkinu í borgarstjórn eða í Reykjavík, þá myndi það hella olú á eldinn.
Svona rökræður geta verið mjög skaðlegar og í raun einskis nýtar.“*

Það má velta því fyrir sér hvort Mazen hafi upplifað það sem Bjarney Friðriksdóttir (2014) talaði um í greiningu sinni á hatursorðræðunni. Getur verið að Mazen óttist viðbrögðin sem hann getur fengið ef hann tjáir sig í fjölmiðlum? Bjarney Friðriksdóttir (2014) komst að því að fólk af erlendum uppruna sem tjáir sig í fjölmiðlum fær yfirleitt mikið af neikvæðum og jafnvel ógnandi viðbrögðum við ummælum sínum. Mazen hefur hins vegar rætt Moskumálið við vini sína og var feginn að komast að því að vinir hans eru fylgjandi því að moska verði byggð í Reykjavík.

Thomas tók vissulega eftir umræðunni og honum fannst þetta hafa verið populískur málflutningur:

*„Mér virðist sem svo að þetta hafi verið ein
af þessum týpísku “söfnum atkvæðum með því að viðra
hægri öfuga skoðanir okkar og höfða til útlendingahræðslu” aðferðum,
með því að höfða til ótta fólks.“*

Hann telur að Framsókn og flugvallarvinir hafi spilað inn á ótta fólks. Thomas er því sammála Guðmundi Hálfánarsyni, prófessor í sagnfræði, sem talaði einmitt um þetta í fjölmiðlum í kjölfarið á ummælum oddvitans (visir.is 2014 (d)). Þetta getur gefið til kynna að hluti kjósenda hafi að einhverju leyti séð í gegnum málflutning Framsóknar og flugvallarvina. Thomasi fannst rökin sem Framsókn og flugvallarvinir settu fram ekki

mjög innihaldsrík og honum fannst í raun og veru sorglegt að sjá þennan stóra flokk reka sitt framboð með þessum boðskap, og jafnframt fá stuðning ríkisstjórnarinnar. Thomas hefur augljóslega túlkað þögn forystu Framsóknarflokksins sem samþykki fyrir ummælunum, líkt og úttekt Bjarneyjar Friðriksdóttur (2014) gefur til kynna. Jafnframt fannst Thomasi mótframbjóðendurnir ekki taka nógu vel á þessu máli, honum fannst þau í raun bara halda því fram að svona ætti ekki að segja frekar en að koma fram með málflutning sem segir fólki að bygging mosku í Reykjavík sé ekki vandamál.

Umræðan hafði engin áhrif á daglegt líf Thomasar, fyrir utan umræðuna í matarhléum í vinnunni. Hann segir að Moskumálið hafi mögulega frekar haft hvetjandi áhrif á hann heldur en letjandi til að taka þátt í kosningunum. Það má setja það í samhengi við það sem Ramakrishnan og Espenshade (2001) segja varðandi það að breytt eða hert innflytjendalöggjöf hafi hvetjandi áhrif á kosningaþátttöku innflytjenda.

Þótt moskumálið sé í raun ekki tilraun til að breyta eða herða löggjöfina þá kemur hún frá fólki í æðstu stöðum eða fólki sem sækist eftir slíkum stöðum sem gefur vissa löggildingu á orðræðuna (Bjarney Friðriksdóttir 2014). Svo ekki sé talað um þögnina frá m.a. forsætisráðherra, sem sannarlega er hægt að túlka sem samþykki (Bjarney Friðriksdóttir 2014; visir.is 2014 (e)). Einnig, eins og Mazen talar um, getur fólki af erlendum uppruna fundist slík orðræða og umræða ógnandi sem getur haft hvetjandi áhrif á þátttöku fólksins sem umræðan snýst um. Með því að taka þátt í kosningunum og kjósa gegn viðkomandi flokki, gerir fólkið sitt besta í að koma í veg fyrir að málflutningurinn öðlist gildi í borgarstjórn.

5.8 Félagsauður

Í textanum hér að ofan hefur félagsauður viðmælenda borið á góma. Martiniello (2005) telur að félagsauður fólks eigi stóran þátt í því hvort viðkomandi taki þátt í kosningum. Viðmælendur voru spurðir hvort nánir vinir þeirra eða fjölskylda af erlendum uppruna hefðu kosningarrétt og hvort þau nýttu sér réttinn.

Amelia segir að maðurinn hennar fylgist mikið með pólitíkinni og endurtekur að þau eigi vini sem taki þátt í pólitík. Hún segir þau hjónin alltaf hafa kosið því það sé mikilvægt að allir taki þátt í lýðræðinu.

„[...] við eigum vini sem eru í pólitík, í flokkum og svona, skiluru,

en við kjósum alltaf, hann [eiginmaður Ameliu] hefur alltaf sína skoðun,

það er því það eiga allir í rauninni að taka þátt.”

Hún segist að sama skapi halda að vinir hennar af erlendum uppruna, þar á meðal þeir sem eru múslimar, taki þátt í kosningum, að svo gefnu að þau hafi kosningarétt. Því má segja að félagsauður Ameliu ýti svo sannarlega undir þátttöku hennar.

Eins og áður sagði þá vissi Bethina ekki að hún hefði kosningarrétt. Þó hafa umræður um félagsauð Bethinu mikið borið á góma í þessum kafla. Í hennar tilviki snýst umræðan um upplýsingaöflunina og viðhorf til fólks af erlendum uppruna. Maður Bethinu er Íslendingur og umgengst hún fjölskyldu hans mikið, en fjölskylda Bethinu býr í Danmörku. Þar af leiðandi gat hún engu svarað varðandi þátttöku vina eða fjölskyldu af erlendum uppruna. Það má velta því fyrir sér hvort upplifun Bethinu væri önnur hefði hún öðruvísi tengslanet á Íslandi og hvernig upplifun hennar væri breytt.

Mazen á ekki fjölskyldu á Íslandi, hvorki sem hann sjálfur hefur stofnað né tengda honum með blóði. Þar sem Mazen hefur nýlega fengið kosningarrétt og var ekki mikið á landinu fyrri hluta ársins 2014 er ekki hægt að segja til um áhrif félagsauðs hans á kosningaþátttöku hans.

Zhaveh á vini af erlendum uppruna á Íslandi og hún segist ekki vera viss um hvort þau taki þátt, hún veit í raun ekki hvort þau viti að þau hafi rétt til þess. Hún segir að ef enginn segir þér frá því þá veistu ekki af því. Þar er hún sammála Hreiðari Eiríkssyni, fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina á framboðsfundunum, sem sagði að mannréttindi væru einskis virði ef enginn vissi af þeim. Maður Zhaveh tekur þó augljóslega þátt í kosningum, þar sem hann var helsti hvatamaður þess að hún tæki þátt, svo það má segja að á sinn hátt hafi félagsauður hennar hvetjandi áhrif á hana til að taka þátt í kosningum.

5.9 Fordómar á Íslandi

Eins og minnst var á í kaflanum um þverþjóðleika getur verið athyglisvert að skoða hvort tengsl séu á milli þverþjóðleika og upplifunar á rasisma, líkt og Schiller, Basch og Szanton Blanc (1995) tala um.

Bethina segist ekki vera vör við fordóma á Íslandi í sinn garð þó hún fái einstaka sinnum gagnrýni á íslenskufærni sína. Hún segir þó að fæstir taki eftir því strax að hún hafi ekki íslensku að móðurmáli, en þegar fólk tekur eftir því þá sé hún spurð hvaðan

hún sé. Þá leiðbeinir fólk henni yfirleitt um rétt málfar. Hún segir þó að enginn geri grín að henni þótt hún tali ekki fullkomna íslensku.

Eliza tekur fram að hún telji sig geta greint tvenns konar hópa innflytjenda á Íslandi. Annars vegar eru það þeir sem falla inn í hópinn, eru útlitslega ekki öðruvísi en hinn upprunalegi Íslendingur, koma frá Vesturlöndunum, séu vel menntaðir, jafnvel giftir Íslendingum og almennt samþykktir. Eliza telur sjálfa sig falla í þann hóp. Hinn hópurinn eru þeir sem verða fyrir staðalímyndun, sem Eliza telur vera að viðkomandi hafi komið hingað til að vinna í fiski, hafi ekki áhuga á því að læra íslensku eða aðlagast samfélaginu, sé frá Taílandi eða Póllandi og sé ómenntaður múslimi. Eliza telur þessa staðalímynd vera úr takti við raunveruleikann þar sem hún eigi m.a. vini sem séu frá Póllandi, vel menntaðir og fullkomlega aðlagðir samfélaginu. Það má velta því fyrir sér hvort sú staðreynd að margir fái menntun sína ekki metna geti haft styrkjandi áhrif á þá staðalímynd sem Eliza talar um. Þar af leiðandi geti þeir ekki fundið störf við hæfi og neyðist til að vinna störf sem einstaklingar af íslenskum uppruna vilja ekki vinna.

„Ég á vini sem eru pólskir og það er almennt talið að þeir komi hingað til að vinna í fiski en í raun eru þeir vel menntaðir og tala íslensku mjög vel.“

Þetta er atriði sem kom fram á framboðsfundunum sem athugasemd úr sal og hlaut mikinn stuðning í formi klapps frá áheyrendum á fundinum. Það voru þó nokkrir frambjóðendur sem töldu mikilvægt að vinna í því að menntun yrði metin (Viðauki 4).

Mazen segist einu sinni hafa upplifað fordóma á Íslandi og að það hafi verið af hendi ungs pars sem hann mætti á gangi sem hló að honum. Hann ákvað að skrifa það strax á vitleysisgang og tók því ekki alvarlega. Hann segist hins vegar hafa upplifað fordóma í mun meira mæli annars staðar í heiminum.

Zhaveh flutti til Danmerkur þegar hluti fólks með dökkan húðlit var í miklum minnihluta þar og með tímanum vandist hún því að fólk starði á hana svo hún segist ekki hafa upplifað fordóma. Hún tekur einstaka sinnum eftir að fólk stari en það sé þá aðallega gamalt fólk sem hefur ekki enn vanist því að sjá fólk af erlendum uppruna hér á landi. Hún segist ekki taka því persónulega því það fólk viti ekki betur. Hún hefur heldur ekki lent í því að fólk neiti að tala við hana því hún tali eki íslensku, hún skilur

meirihlutann sem fer fram en á erfiðara með að tjá sig, en hún reynir þó að tjá sig á sinni bestu íslensku á móti. Zhavah er sú eina sem talar í þá átt að hún hafi orðið fyrir fordómum, en þar sem þverþjóðleiki á ekki stóran hlut í hennar lífi þá er ekki hægt að tengja þar á milli.

6 Niðurstöður

Það verður að skrifast á smæð úrtaks þessarar rannsóknar hversu erfitt er að tengja á milli ýmissa kenningalegra þátta og niðurstaða úr viðtölum, þó það sé mögulegt í einhverjum tilvikum. Eins og komið hefur fram var upprunalega áætlað að úrtakið yrði töluvert stærra.

Kosningaþátttaka viðmælenda virtist haldast í hendur við þá þætti sem taldir voru upp sem hvetjandi eða letjandi í kaflanum um “Kenningaleg umræða”. Það má vissulega deila um það hvort íslensk stjórnvöld séu að gera sitt allra besta í að tryggja lýðræðislega þátttöku allra nýrra Íslendinga, eins og markmið þeirra er. Þetta sést til dæmis í því að einn viðmælandi vissi ekki af kosningarrétti sínum.

Það er erfitt að segja til um að hve miklu leyti hægt er að tala um þverflytjendur í þessari rannsókn, en eins og Castles og Miller (2009) halda fram er ekki mikið vitað um stærð þess hóps sem gætu flokkast sem þverflytjendur svo nota þarf þetta hugtak varlega. Þetta álit Castles og Miller (2009) rímar vel við niðurstöður þessarar rannsóknar þar sem ekki er hægt að fullyrða að nokkur viðmælenda teljist til þverflytjanda.

Félagsauðurinn virðist skipta nokkru máli varðandi kosningaþátttöku viðmælenda ásamt reynslu af pólitískri þátttöku og pólitískum gildum.

Í eftirfarandi texta verður rannsóknarspurningunum svarað út frá niðurstöðum viðtalanna.

Út frá þeim upplýsingum sem fram komu í viðtölunum, með tilliti til smæðar úrtaksins, er hægt að áætla að svo lengi sem innflytjendur og fólk af erlendum uppruna viti af rétti sínum til þess að kjósa, sé reynsla þeirra af pólitísku umhverfi í Reykjavík jákvæð. Þeim hefur reynst auðvelt að nálgast hagnýtar upplýsingar sem auðveldar þeim að taka þátt í lýðræðinu. Skoðanir á því hvort jafn auðvelt reynist að finna upplýsingar um stefnuskrár flokkanna eru misjafnar, þeir sem virðast hafa mikinn áhuga á stjórnámálum upplifa að það sé tiltölulega auðvelt á meðan hinir geta í raun lítið sagt um það. Jafnframt er það reynsla og álit flestra viðmælendanna að það sé mikilvægt að taka þátt og að þau sem gera það upplifa sig sem meðlimi samfélagsins og flokka sjálf sig með fólki af íslenskum uppruna í því samhengi. Það er vissulega vert að taka það fram að stjórnvöld þurfa að gera betur þegar kemur að aðgengi innflytjenda að upplýsingum, þar sem einn viðmælandi vissi ekki af rétti sínum. Eins og fram hefur komið hefur

borgarstjórn Reykjavíkur þegar hafið vinnu við að bæta aðgengi innflytjenda að upplýsingum.

Vegna þess hve mismunandi það er hvort viðmælendur taki þátt í sveitastjórnarkosningum í sínu heimalandi er erfitt að áætla nokkuð um það hvort viðkomandi finnist sömu eða svipuð málefni og málaflokkar mikilvæg þar og hér á Íslandi. Jafnframt gefur það ekki góða raun að bera saman áhersluatriði fólks og flokka í þingkosningum og sveitastjórnarkosningum. Flestir töluðu um að þeim fyndust innflytjendamál mikilvæg á Íslandi, en minnst ekkert á það í sambandi við heimalandið sitt. Þetta getur verið vegna þess að þau tilheyra hópi innflytjenda hér á landi en augljóslega ekki í heimalandinu sínu. Þá er erfitt að áætla hvort munur sé á einstaklingum með mismunandi bakgrunn þar sem í hópi viðmælenda er einungis einn einstaklingur frá hverju landi og það er ósanngjarnt að ætla sér að áætla nokkuð byggt á einum einstaklingi. Það má þó nefna að Amelia, sem kemur frá landi sem tilheyrði Sovíetríkjunum, sýnir leiða á stjórnámálum og hefur efasemdir í garð stjórnvalda, þótt hún taki þátt. Þetta rímar við það sem Ramakrishnan og Espenshade (2001) hafa sagt varðandi þátttöku fólks sem á rætur sínar að rekja til ríkja þar sem kúgun á stjórnámálaskoðunum hefur átt sér stað. Þá má í því samhengi nefna það sem Ramakrishnan og Espenshade (2001) hafa einnig rætt, að einstaklingar með nýfengið pólitískt frelsi til að kjósa séu líklegir til að taka þátt. Þetta á að vissu leyti við um Mazen sem sýndi mikinn áhuga og vilja til að taka þátt þrátt fyrir að hafa ekki gert það í þetta sinn. Einnig virðist sem svo að tungumálakunnáttan, eða að minnsta kosti viljinn til að læra tungumálið, geti haft áhrif á áhuga fólks til að taka þátt, eins og dæmi Zhavah sýnir.

Meirihluti viðmælenda varð var við umræður um kosningarnar í fjölmiðlum og þar af leiðandi kosningabaráttuna. Thomas talaði um að honum fyndist Björt Framtíð standa sig best í að ná til ungra og erlendra kjósenda. Bethina varð mest vör við Dögun. Enginn af viðmælendunum mætti á framboðsfundi sem ætlaðir voru fólki af erlendum uppruna. Þeir sem tjáðu sig um fundina fannst mikilvægt að slíkir fundir væru haldnir, þar sem frambjóðendur flytja mál sitt á ensku. Það gengur hins vegar þvert á annan fundinn, sem haldinn var á íslensku.

Allir nema einn viðmælendi urðu varir við moskumálið svokallaða, og var það almennt upplifun viðmælenda að málflutningur Framsóknar og flugvallarvina væri ekki á góðri leið og að flokkurinn hafi með þessu verið á atkvæðaveiðum. Nokkrir

viðmælendur hafa nokkuð sterka skoðun á málflutningnum og fannst að mótframbjóðendur hefðu mátt taka betur á honum.

Moskumálið hafði engin teljandi áhrif á líf viðmælenda og ekki heldur á vilja þeirra til að taka þátt í kosningunum. Thomas minntist á að málflutningurinn hefði mögulega haft hvetjandi áhrif á hann frekar en letjandi, sem er í samræmi við það sem Ramakrishnan og Espenshade (2001) halda fram. Jafnframt var enginn sem upplifði það að fólk ræddi um moskumálið við viðkomandi vegna erlends bakgrunns. Mazen var sá eini sem bauðst tækifæri til að tjá sig á opinberum vettvangi um málið; hann hafnaði því og þar með má velta fyrir sér hvort hann upplifi það sem Bjarney Friðriksdóttir (2014) lýsi í greiningu sinni á hatursorðræðu í athugasemdakerfum íslenskra fréttamiðla.

Enn og aftur er það smæð úrtaksins sem kemur í veg fyrir að nokkuð sé hægt að segja til um almenna reynslu innflytjenda af kosningunum, þó svör viðmælenda gefi ýmislegt í skyn. Svör viðmælendanna gefa einungis mynd af reynslu og upplifun þeirra. Það væri vissulega áhugavert að sjá viðlíka rannsókn endurtekna, þar sem töluvert stærra úrtak yrði tekið. Þá bjóða ýmsir liðir spurninganna og þemu viðtalanna upp á þróun í átt að megindlegri rannsókn, sem vissulega býður upp á stærra úrtak. Sem dæmi má þar nefna þátttökuna („tókst þú þátt í kosningunum?“), upplýsingaöflun („hvernig fannst þér að afla þér upplýsinga um flokkana?“) og mögulega Moskumálið („hafði Moskumálið hvetjandi eða letjandi áhrif á vilja þinn til að taka þátt í kosningunum eða samfélaginu?“).

Málefni innflytjenda og fólks af erlendum uppruna er málaflokkur sem fer sívaxandi með aukinni hnattvæðingu og ekki er úr vegi að velta fyrir sér hvort ekki sé þörf á frekari rannsóknum á lýðræðislegri þátttöku innflytjenda, bæði í heiminum og á Íslandi.

7 Lokaorð

Það er einlæg von mín að frekari rannsóknir á lýðræðislegri þátttöku innflytjenda verði framkvæmdar því ég trúi því að aukin þekking á þessu sviði komi sér til góðs fyrir alla. Yfirvöld geta gert mun betur, einstaklingar af íslenskum uppruna geta séð að það þarf að taka mark á þessum hópi og bjóða hann sannarlega velkominn í samfélagið og innflytjendur sjálfir fá þar af leiðandi mögulega hvatningu til að taka þátt. Mikilvægi frekari rannsókna á þessum málaflokki sést jafnframt í því hversu takmarkað fræðimenn fjalla um lýðræðislega þátttöku innflytjenda. Í þeim tilvikum þar sem er í raun fjallað um lýðræðislega þátttöku innflytjenda í búsetulandi er mörum spurningum enn ósvarað og betur má ef duga skal.

Þar sem yfirlýst stefna stjórnvalda á Íslandi er að viðhalda lýðræði í landinu og að stjórnvöldum finnist mikilvægt að allir taki þátt í því, þurfa stjórnvöld að stuðla að því að allir hafi jöfn tækifæri til þátttöku. Að því sögðu eru það ekki einungis stjórnvöld sem þurfa að vanda sig við að búa til samfélag þar sem allir eru þátttakendur. Það eru nefnilega þeir sem eru upprunir í samfélaginu sem hafa skapað það og viðhalda því og viðmót þeirra er lykill að velgengni. Þess vegna þurfa stjórnvöld að vera fyrirmynd og leiða meðlimi samfélagsins í þá átt að allir séu velkomnir, þar sem í raun og veru sé ekki hægt að segja að nokkur hópur eigi tilkall til samfélagsins þar sem landamæri ríkja eru í auknum mæli á hreyfingu og í raun af-svæðisbundin í meira mæli. Jafnframt þarf að gera ráð fyrir fjölbreyttum bakgrunni innflytjenda og fólks af erlendum uppruna, því eins og komið hefur fram að framan getur reynsla fólks frá heimalandinu haft áhrif á hegðun og gjörðir þess í búsetulandi. Sumir koma til lýðræðisríkja, fá kosningarrétt en hafa ekki hugmynd um það hvernig lýðræði virkar af því að í heimalandi þeirra er ekki lýðræði. Fræðsla er lykillinn að velgengni og gerir aðlögun samfélags og nýrra meðlima að gagnkvæmu ferli.

8 Heimildaskrá

- Ardener, S. (1977). *Perceiving Women*. London: Dent.
- Atkinson, P., A. Coffey, S. Delamont, J. Lofland og L. Lofland (ritstj.) (2001). *Handbook of Ethnography*. London: Sage.
- Barnard, A og Spencer, J. (ritstjórar). (1996). Ethnography. *Encyclopedia of Social and Cultural Anthropology*. (bls. 193-198). London & New York: Routledge.
- Bauböck, R. (2005). Expansive Citizenship: Voting beyond Territory and Membership. *PS: Political Science and Politics* 38(4), 683-687.
- Bernard, H. R. (2006). *Research Methods in Anthropology: Qualitative and Quantitative Approaches*. Lanham: AltaMira.
- Bjarney Friðriksdóttir (2014). *Greining: Hatursorðræða í ummælakerfum íslenskra netfréttamiðla*. Reykjavík: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar.
- Bryman, A. (2008). *Social Research Methods*. New York: Oxford University Press.
- Castles, S. og Miller, M.J. (2009). *The Age of Migration: International Population Movements in the Modern World*. New York: Palgrave Macmillan.
- DeWalt K. M., DeWalt, B.R. og Wayland, C.B. (1998). Participant Observation. Í Bernard, R. (ritstj.) *Handbook of Methods in Cultural Anthropology*. London: Sage/Altamira Press.
- DeWitt, R. (2010). *Worldviews: An Introduction to the History and Philosophy of Science*. West-Sussex: Wiley-Blackwell.
- Dv.is 23.nóvember 2014 „Þú getur hvergi fundið neitt annað en það að ég styðji bænahús múslima” Sótt 3.janúar 2015 af <http://www.dv.is/frettir/2014/11/23/thu-getur-hvergi-fundid-neitt-annad-en-thad-ad-eg-stydji-baenahus-muslima/>
- Earnest, D.C. (2006). Neither Citizen nor Stranger: Why States Enfranchise Resident Aliens. *World Politics* 58, 242-275.
- Edgar, A. og Sedgwick, P. (2008). *Cultural Theory: The Key Concepts*. New York: Routledge.
- Esterberg, K. E. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: McGraw- Hill.

- Félagsmálaráðuneytið. (2007). *Aðlögun innflytjenda: Stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda*. Sótt 3.janúar 2015 af: http://www.felagsmalaradun0eyti.is/media/acrobatskjol/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf
- Fife, W. (2005). *Doing Fieldwork: Ethnographic Methods for Research in Developing Countries and Beyond*. New York: Palgrave Macmillan.
- Geertz, C. (1973). *The Interpretation of Cultures*. New York: Basic Books.
- Gupta A. og Ferguson, J. (ritstj.) (1997). *Anthropological Locations. Boundaries and Grounds of a Field Science*. Berkeley: University of California Press.
- Hagstofan 27.nóvember 2009 *Talnaefni: Kosningar: Sveitastjórnarkosningar: Kosningabátttaka erlendra ríkisborgara 2006*. Sótt 3.janúar af http://hagstofan.is/?PageID=830&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS03216%26ti+=Kosninga%FE%E1tttaka+erlendra+r%EDkisborgara++2006++%26path=../Database/kosningar/svf_urslit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi,%20hlutfall
- Hagstofan. (2014 (a)). *Talnaefni: Mannfjöldi: Ríkisfang, fæðingarland og bakgrunnur íbúa*. Sótt 3.janúar 2015 af <http://hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>
- Hagstofan (2014 (b)) „Innflytjendum fylgjar lítillaga.” Sótt 3.janúar 2015 af <http://hagstofan.is/Pages/95?NewsID=11036>
- Hammersley, M. og Atkinson, P. (2007). *Ethnography: Principles in Practice*, 3. útgáfa. London: Routledge.
- Hreiðar Eiríksson. (23.maí 2014). *Kæru ættingjar og Facebook vinir* [Facebook stöðuuppfærsla]. Sótt 3.janúar 2014 af <https://www.facebook.com/hreidar.eiriksson/posts/10152043303691717>
- Jacobs, D. og Tillie, J. (2004). Introduction: Social Capital and Political Integration of Migrants. *Journal of Ethnic and Migration Studies*, 30(3), 419-427.
- Kristín Björnsdóttir. (2003). Orðræðugreining. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. (bls. 237-248). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Lög um kosningar til sveitastjórna nr. 5/1998. Sótt 3.janúar 2015 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998005.html>

Martiniello, M. (2005). Political Participation, mobilisation and representation of immigrants and their offspring in Europe. Í R. Bauböck. (ritstjóri), Migration and Citizenship: legal status, rights and political participation (bls. 83-105). Amsterdam: Amsterdam University Press.

Mbl.is (2014 (a)) „Dagur: Góður samhljómur milli flokkanna.” Sótt 3.janúar 2015 af http://www.mbl.is/frettir/kosning/2014/06/01/dagur_godur_samhljomur_milli_f_lokkanna/

Mbl.is (2014 (b)) *Úrslit í stærstu sveitafélögum: Reykjavík.* Sótt 3.janúar 2015 af http://www.mbl.is/frettir/kosningar/svf_results/

Mbl.is (2014 (c)) „Ekki fleiri leynifundir í borgarstjórn.” Sótt 3.janúar 2015 af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/06/11/ekki_fleiri_leyrifundir_i_borginni/

Ramakrishnan, S.K. og Espenshade, T.J. (2001). Immigrant Incorporation and Political Participation in the United States. *International Migration Review*, 35(3), 870-909.

Reykjavik.is „Borgarstjórn.” Sótt 3.janúar 2015 af <http://reykjavik.is/borgarstjorn>

Reykjavik.is (2014 (a)) „Ný borgarstjórn hefur störf.” Sótt 3.janúar 2015 af <http://reykjavik.is/frettir/ny-borgarstjorn-hefur-storf>

Reykjavik.is (2014 (b)) „Leikskólagjöld lækka um sex prósent.” Sótt 3.janúar 2015 af <http://reykjavik.is/frettir/leikskolagjold-laekka-um-sex-prosent>

Ruv.is (2014 (a)) „Ólga innan Framsóknar vegna ummæla oddvita.” Sótt 3.janúar 2015 af <http://www.ruv.is/frett/olga-innan-framsoknar-vegna-ummaela-oddvita>

Ruv.is (2014 (b)) „Vill afturkalla lóð til félags múslima.” Sótt 3.janúar 2015 af <http://www.ruv.is/frett/vill-afturkalla-lod-til-felags-muslima>

Ruv.is (2014 (c)) „Vantraust á oddvita fjarlægt af vefsíðu.” Sótt 3.janúar 2015 af <http://www.ruv.is/frett/vantraust-a-oddvita-fjarlaegt-af-vefsidu>

Ruv.is (2014 (d)) „Rafrænar kosningar gætu aukið kjörsókn.” Sótt 3.janúar 2015 af <http://www.ruv.is/frett/rafraenar-kosningar-gaetu-aukid-kjorsokn>

- Samfylkingin.is (2014) „Dagur verður borgarstjóri.” Sótt 3.janúar 2015 af http://www.samfylkingin.is/Frettir/tabid/60/ID/4139/Dagur_verur_borgarstjori.aspx
- Schiller, N.G., Basch, L. Og Szanton-Blanc, C. (1995). From immigrant to transmigrant: Theorizing transnational migration. *Anthropological Quarterly* 68(1), 48-63.
- Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. (29.maí 2014). *Hugrenningar á fjöllum* [Facebook stöðuuppfærsla]. Sótt 3.janúar 2014 af <https://www.facebook.com/sigmundurdauidgunnlaugsson/posts/307568319406224>
- Silverman, D. (2006). *Interpreting qualitative data. Methods for analyzing talk, text and interaction*. Bretland: Sage.
- Visir.is (2014 (a)) „Oddviti Framsóknar vill afturkalla lóð til múslima.” Sótt 3.janúar 2015 af <http://www.visir.is/oddviti-framsoknar-vill-afturkalla-lod-til-muslima/article/2014140529463>
- Visir.is (2014 (b)) „Segist ekki vera sammála oddvita flokksins – vill þó afturkalla lóðarúthlutun.” Sótt 3.janúar 2015 af <http://www.visir.is/segist-ekki-vera-sammala-oddvita-flokksins---vill-tho-afturkalla-lodauthlutun/article/2014140529367#>
- Visir.is(2014 (c)) „Sveinbjörg svarar fyrir sig: “stjúpmóðir barna minna er múslimi”.” Sótt 3.janúar 2015 af <http://www.visir.is/sveinbjorg-svarar-fyrir-sig---stjupmodir-barna-minna-er-muslimi-/article/2014140529318#>
- Visir.is (2014 (d)) „Framsókn prufukeyrir andúð á innflytjendum.” Sótt 3.janúar 2015 <http://www.visir.is/framsokn-prufukeyrir-andud-a-innflytjendum/article/2014140529228#>
- Visir.is (2014 (e)) „ „Ég túlka þögn forystunnar þannig að ég eigi að fá að sigla þessu skipi í höfn”.” Sótt 3.janúar 2015 af <http://www.visir.is/-eg-tulka-thogn-forystunnar-thannig-ad-eg-eigi-ad-fa-ad-sigla-thessu-skipi-i-hofn-/article/2014140529011>
- Visir.is (2014 (f)) „ „Um hvað er forsætisráðherra að tala?”.” Sótt 3.janúar 2015 af <http://www.visir.is/-um-hvad-er-forsaetisradherra-ad-tala-/article/2014140528785#>

Visir.is (2014 (g)) „Stóru málin: áhyggjur af nauðungarhjonaböndum múslima á Íslandi.”
Sótt 3.janúar 2015 af <http://www.visir.is/storu-malin--ahyggjur-af-naudungarhjonabondum-muslima-a-islandi/article/2014140539871>

Visir.is (2014 (h)) „Námsgjöld leikskóla lækka í nýrri fjárhagsáætlun.” Sótt 3.janúar
2015 af <http://www.visir.is/namsgjold-leikskola-laekka-i-nyrri-fjarhagsaaetlun/article/2014712039947>

Visir.is (2014 (i)) „Næsta ár í Reykjavík.” Sótt 3.janúar 2015 af
<http://www.visir.is/naesta-ar-i-reykjavik/article/2014712069975>

Viðauki 1

Nafn: Guðrún Magnúsdóttir

Netfang: gum32@hi.is

Fyrirtæki: Háskóli Íslands

Símanúmer: 8680384

Efni Góðan dag! Nú er ég að hefjast handa við að skrifa mastersritgerð um
fyrirspurnar: kosningaþátttöku innflytjenda í sveitastjórnarkosningum 2014. Ég var að reyna að finna tölur um þátttökuna fyrri ár en fann bara tölur frá 2006. Eru til tölur frá fleiri árum? Einnig, vitið þið til þess hvort Hagstofan muni safna upplýsingum um þátttöku innflytjenda í ár?

Sæl Guðrún,

Því miður þá er mér ekki kunnugt um að þessu tölum hafi verið safnað nema árið 2006. Það þótti of íþyngjandi fyrir kjörstjórnir 2010 og ekki gert þá. Það hefur ekki verið ætlunin að óska eftir þessum upplýsingum núna heldur að bíða þess að rafræn kjörskrá verði að veruleika.


Kveðja

Svava Guðjónsdóttir


Upplýsingatækni og miðlun | IT and dissemination

Tölvusamskipti rannsakanda við Hagstofu Íslands varðandi tölur yfir kosningaþátttöku innflytjenda á Íslandi.


Viðauki 2



Skoðanakönnun 9.maí 2014



Skoðanakönnun 20.maí 2014


























Félagsvísindast. f. Morgunblaðið

Reykjavík fim. 29. maí, 2014

Skoðanakönnun 29.maí 2014

Viðauki 3

Reykjavíkurborg 

		Atkvæði	%	Fulltrúar	
	B - Framsókn		5.865	10,7%	
	D - Sjálfstæðisflokkur		14.031	25,7%	
	R - Alþýðufylkingin		219	0,4%	
	S - Samfylking		17.426	31,9%	
	T - Dögun		774	1,4%	
	V - Vinstri græn		4.553	8,3%	
	P - Píratar		3.238	5,9%	
	Æ - Björt framtíð		8.539	15,6%	

Á kjörskrá: 90.489
Kjörsókn: 56.896 (62,9%)

Talín atkvæði: 56.896(100,0%)
Auð: 2.024 (3,6%); Ógild: 227(0,4%)
Uppfært 1.6. kl. 07:11

Niðurstöður kosninga í Reykjavík 2014 (mbl.is 2014 (b)):

Viðauki 4

Vettvangsathuganir – framboðsfundir

Eins og fram hefur komið sat rannsakandi tvenna framboðsfundi fyrir fólk af erlendum uppruna. Hér á eftir verður farið yfir þau atriði sem komu fram á fundinum og seinna verða þau sett í samhengi við upplifanir viðmælenda. Því næst koma fram stuttar og hnitmiðaðar útgáfur af svörum og ummælum frambjóðenda flokkanna allra.

Eftir að farið hefur verið yfir ummæli og svör frambjóðenda verður stuttlega fjallað um þær athugasemdir og spurningar sem komu frá áheyrendum sem sköpuðu mestar umræður og svörum sem frambjóðendur höfðu við þeim.

„Hvað hyggst þinn flokkur gera í málefnum innflytjenda?“

Þessi fundur var haldinn 8. apríl 2014 á Grand Hótel á vegum Teymis um málefni innflytjenda. Fundurinn fór fram á íslensku. Þetta var svokallaður morgunverðarfundur; það kostaði 2500 krónur inn á fundinn og var morgunverður í boði. Fundurinn hófst á ávarpi frá fulltrúa Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Eddu Ólafsdóttur, og minnti hún á annan framboðsfund sem haldinn yrði nokkrum dögum síðar.

Fulltrúar allra átta framboðanna mættu á fundinn og þeir beðnir um að svara þrem spurningum sem Teymið hafði varpað fram. Framboðunum höfðu borist þessar spurningar nokkrum dögum áður svo þau höfðu haft tíma til að undirbúa svörin. Spurningarnar voru eftirfarandi:

- Hvernig ætlar þinn flokkur að fylgja eftir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, t.d. varðandi þá sem eru nýfluttir til borgarinnar?
- Atvinnuleysi er mun meira meðal innflytjenda en annarra. Hvaða tillögur hefur þinn flokkur til lausnar á því?
- Í Aðalnámskrá grunnskólanna er kveðið á um rétt barna til móðurmálskennslu. Hvaða tillögur hefur þinn flokkur að leiðum til að tryggja hann?

Líf Magneudóttir tók til máls fyrir hönd Vinstri Grænna, en hún skipaði annað sæti framboðslistans. Flokkurinn vildi efla persónulega og einstaklingsmiðaða þjónustu í borginni. Vinstri Grænum þykir mikilvægt að ná til nýrra landsmanna með því að bæta aðgengi að upplýsingum. Jafnframt vill flokkurinn efla innflytjendaráð ásamt því að hvetja og styrkja ýmis konar grasrótarsamtök. Flokkurinn telur mikilvægt að efla þýðingar og bæta aðgengi að túlkþjónustu, ásamt því að ráða kennara af ýmsum

þjóðernum í leik- og grunnskóla. Vinstri Grænir vilja styðja vel við láglounafólk og segja að atvinnuleysi sé samvinna ríkis og borgar. Flokkurinn vill skipuleggja ýmis konar námskeið fyrir atvinnulausa og nýkomna innflytjendur. Síðast en ekki síst finnst flokknum mikilvægt að menntun innflytjenda sé viðurkennd svo fólk með sérfræðimenntun fái starf við sitt hæfi.

Dagur B. Eggertsson, oddviti framboðslista Samfylkingar og borgarstjóraefni flokksins, tók næstur til máls. Dagur minntist á að Samfylkingin hefði innflytjendur á framboðslista sínum, en það voru þau Sabine Leskopf sem skipaði níunda sæti á lista Samfylkingar og Tomasz Chaprek sem skipaði það tíunda. Dagur var sammála Líf frá Vinstri Grænum um mikilvægi þess að styrkja og styðja við grasrótarsamtök og nefndi þar sem dæmi um gott starf samtaka Landnema. Samfylkingin vildi búa til upplýsingapakka sem bæri heitið “Velkomin til Reykjavíkur” sem yrði sendur heim til viðkomandi nýbúa – hvort sem það væri einstaklingur frá Raufarhöfn eða Manila. Samfylkingin vildi halda áfram að þróa þá ráðgjöf sem innflytjendum stendur til boða, ásamt því að vekja athygli á réttindum og skyldum, svo sem kosningarréttinum. Samfylkingin vildi gera þjónustuna persónulega og skref í þá átt var að frambjóðendur buðu innflytjendum heim í kaffi til að fá að heyra þeirra skoðanir. Dagur vitnar í Sabine Leskopf sem hann sagði að hefði komist svo að orði um mikilvægi móðurmálskennslu: „Fjöltyngi er fjársjóður en hálfzyngi er fötlun”, sem hann sagði endurspegla viðhorf Samfylkingar til mikilvægis móðurmálskennslu, en flokkurinn taldi borgina vera að bregðast í þeim málaflokki. Flokkurinn vildi líta til þess hvernig grunn- og framhaldsskólanemum af íslenskum uppruna er boðið upp á kennslu í Norðurlandamálum, öðrum en dönsku, sem fara fram þvert á skóla. Flokkurinn taldi að á þann hátt gæti móðurmálskennsla nemenda af erlendum uppruna farið fram. Einnig taldi flokkurinn mikilvægt að hægt sé að nálgast auðskiljanlegt efni á íslensku auk vandaðra þýðinga. Tengt þessu fannst flokknum mikilvægt að fólk hafi samastað til að koma á og tala sitt tungumál. Í því samhengi taldi Samfylkingin mikilvægt að opna Kaffi Kultura aftur sem gæti gengt slíku hlutverki. Samfylkingin taldi borgina þurfa að gera úttekt á sínum málum varðandi starfsmannahald, gæta þurfi jafnréttis í ráðningu ásamt því að auka atvinnu. Samfylkingunni fannst jafnframt mikilvægt að skoða húsnæðismál og að þar gildi jafnrétti og jafnaðarstefna.

Halldór Auðar Svansson, fyrsti maður á lista Pírata, tók til máls. Eins og margir aðrir sögðu, fannst Pírötum mikilvægt að búa til upplýsingapakka fyrir nýflutta – pakkinn

kæmist í hendur fólksins þegar það skráir lögheimili sitt og/eða fær kennitölu. Þá væri jafnframt hægt að nota tölvupóst í flestum tilfellum. Upplýsingagagnsæi er Pírötum mikilvægt og í því ljósi fannst floknum mikilvægt að upplýsingar séu samræmdar. Oddvitinn nefndi að hægt sé að setja á fót upplýsingasetur til dæmis, eða einhvers konar embætti sem sæi um samræmingu og uppfærslu upplýsinga. Þá taldi flokkurinn móðurmálskennslu eigi heima í grunnskólunum og að auka þurfi menntun kennara. Flokkurinn taldi að íslenskukunnáttu þurfi að efla og það yrði gert með því að setja íslenskunám í forgang. Þá vanti allt samræmi og fleiri tungumál á vefsíðu borgarinnar.

Elsa Yeoman var frambjóðandi í öðru sæti á lista Bjartrar Framtíðar. Sjálf sagðist Elsa vera af erlendu bergi brotin svo hún þekki aðeins inn á málefni innflytjenda af persónulegum ástæðum. Elsa sagði að Bjartri Framtíð þætti mikilvægt að koma fólki í vinnu og að vinna þurfi, í samvinnu við atvinnulífið, í því að ráða fleiri innflytjendur til starfa. Þá taldi flokkurinn að það gæti hjálpað til að hafa trúnaðarmann innflytjenda starfandi, ásamt því að á öllum vinnustöðum gæti verið starfsmaður sem aðstoðar innflytjendur við hin ýmsu málefni. Þá er mikilvægt, samkvæmt Bjartri Framtíð, að upplýsingum sé miðlað á lipran máta. Einnig finnst floknum mikilvægt að fólk hafi stað til að hittast á og tala sitt tungumál, en Elsa nefnir að um hverfin gæti keyrt einhvers konar bíll sem líkist bókaþílum, þar sem fólk getur hoppað inn og talað til dæmis pólsku.

Hreiðar Eiríksson mætti fyrir hönd Framsóknar og flugvallarvina, en hann skipaði fimmta sæti á framboðslista flokksins. Hreiðar undirstrikaði að mannréttindi séu mikilvæg framsóknarmönnum en þau séu hins vegar lítils virði ef enginn veit af þeim. Hreiðar tók undir með flestum ofangreindum um mikilvægi upplýsingapakka. Þá séu þýðingar mikilvægar ásamt móðurmálskennslu. Hreiðar vakti athygli á konum í hópi fólks af erlendum uppruna sem búa við ofbeldi og að þær standi höllum fæti. Reykjavíkurborg þurfi að ýta undir að innflytjendur séu ráðnir í vinnu og að búa til verkefni fyrir innflytjendur.

Marta Guðjónsdóttir, sjötti frambjóðandi á lista Sjálfstæðisflokks, tók næst til máls. Flokkurinn taldi að aðlögun þurfi að ganga hratt fyrir sig og sé gagnkvæmt ferli. Mikilvægi þýðinga voru tíundaðar, fólk þarf að hafa gott aðgengi að upplýsingum, til dæmis um réttindi og skyldur. Móðurmálskennslu þurfi að efla og jafnvel sé góð hugmynd að ráða fólk af erlendum uppruna í skólana svo börnin fái tækifæri til að tala

sitt móðurmál í skólanum. Jafnframt taldi flokkurinn aukið eftirlit með þjónustu borgarinnar vera lykilatriði í að bæta þjónustuna.

Fyrir hönd Dögunar var Salman Tamimi mættur, hann vermdi þriðja sæti listans. Dögun vill útbúa upplýsingapakka sem inniheldur meðal annars upplýsingar um skyldur og réttindi innflytjenda. Jafnframt vildi flokkurinn útbúa póstkassa þar sem hægt væri að skila inn bréfum á öllum tungumálum er varða málefni sem brennur á viðkomandi. Íslensku- og samfélagskunnátta voru mikilvæg samkvæmt Dögun, ásamt móðurmálskennslu.

Þorvaldur Þorvaldsson var fulltrúi Alþýðufylkingarinnar á fundinum, en hann var oddviti framboðsins. Alþýðufylkingin vildi undirstrika mikilvægi þess að viðurkenna menntun fólks frá heimalandinu og telur Reykjavíkurborg þurfa að hafa meira frumkvæði í atvinnumálum. Aðlögunin þurfi að vera gagnkvæm og passa þurfi að ekki myndist klofningur milli heimamanna og innflytjenda. Móðurmálskennslan sé mikilvæg ásamt íslenskukennslunni.

Athugasemdir og spurningar úr sal

Fyrsta athugasemdin sem kom fram var að viðkomandi hafi vitað af því að barn hafi fengið skröp fyrir að mæta ekki í kristna kirkju, þótt barnið væri ekki kristið. Því svaraði Sjálfstæðisflokkur sem vill að hver skóli móti sína stefnu og að kristni sé mikilvægur hluti íslenskrar menningar svo þetta sé liður í gagnkvæmri aðlögun; Framsókn og flugvallarvinir sem töldu að kenna þurfi flest trúarbrögð og að trúfélögin ættu að sjá um fræðslu en alls ekki boða trúna; Alþýðufylkingin sem fullyrti að trúboð eigi sér stað í skólum, telur kristnifræði úrelta og að kenna ætti hugmyndasögu í staðinn, og að lokum Píratar sem tóku undir með Framsókn og flugvallarvinum um að trúabragðafræðsla eigi að vera í höndum trúfélaganna.

Önnur athugasemd sem var mikið rædd fjallaði um að börn þurfi að eyða allt að 50% vökutíma síns í íslenskumælandi umhverfi en það sé hins vegar ekki raunin í dag. Þar voru allir flokkar sem svöruðu sammála um að aukin þátttaka í frístundum væri lausnin við þessu vandamáli. Samfylkingin hugðist hækka styrkinn sem felst í frístundakortinu; Framsókn og Flugvallarvinir vildu reyna að stofna sjóð fyrir þá sem fátækari eru sem styrkja börnin til þátttöku; Sjálfstæðisflokkurinn vildi halda kynningarfundum, með tulkum sem foreldrar og börn mæta á og þjálfarar ýmissa íþróttagreina komi og segi frá; Björt

Framtíð velti fyrir sér af hverju börnin taka ekki þátt og hvort hægt sé að finna leið til að bæta úr því; Alþýðufylkingin vildi efla fjárhagslegan stuðning við fjölskyldur.

Þriðja málið sem skapaði umræður var varðandi fæðingarorlof og bilið á milli þess og leikskóla. Þar voru allir flokkar sammála um að lengja þurfi fæðingarorlofið og vinna þurfi að betri tengingu við dagvistun barna. Sjálfstæðisflokkurinn vildi meina að fleiri úrræði væri svarið; Samfylkingin vildi ekki sleppa dagforeldrum út úr jöfnunni, lengja samt sem áður fæðingarorlofið og þá færu börnin eldri til dagforeldra; Vinstri Grænir vildu koma börnum fyrr inn á borgarrekna leikskóla og Dögun vildi fleiri ungbarnaleikskóla.

„Skipta atkvæði innflytjenda máli?“

Þessi fundur var haldinn 12. apríl 2014 í Iðnó á vegum Fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar og fór fundurinn fram á ensku. Fundurinn var haldinn svo að allir sem hafa kosningarétt viti hvað sé í boði. Fundurinn hófst með ávarpi Juan Camilo Roman Estrada þar sem hann taldi upp atriði sem hann telur vera ábótavant, svo sem að íslenskan sé oft notuð sem mismununartól, að móðurmálskennsla eigi að vera skyldufag, að tungumálið sé fyrirstaða á húsaleigumarkaði og á atvinnumarkaði. Einnig velti hann fyrir sér muninum á samþættingu og aðlögun. Næst tóku til máls fulltrúar flokkanna og þeir beðnir um að kynna flokka sína og það sem er þeim mikilvægt. Eins og áður eru það svör meirihluta borgarstjórnar sem eru í fyrirrúmi þó hinir flokkarnir fái að fljóta með.

Fyrstur var Björn Blöndal, oddviti Bjartrar Framtíðar. Hann sagði það staðreynd að innflytjendur mæti fordómum í samfélaginu og standi Íslendingum alls ekki jafnfætis í ýmsu. Hann taldi Íslendinga þurfa að vera opnari og að það þurfi að vinna betur í því að láta innflytjendum líða eins og þeir séu sannarlega velkomnir. Forðast beri þá hugsun að Íslendingar séu á einhvern hátt betri en aðrir. Þá þurfi að viðurkenna þarfir barna.

Fyrir hönd Pírata mætti Þórgnýr Thoroddsen, annar maður á lista flokksins. Hann sagði að Pírataflokkurinn sé alþjóðlegur flokkur og að í fyrsta skipti á Íslandi hafi flokkurinn náð fólki inn á þing. Upplýsingaflæði er flokknum mikilvægt og lykillinn að því að geti tekið upplýstar ákvarðanir. Þar af leiðandi þurfi aðgengi að þýddu efni og túlkum að vera gott. Jafnframt segir Þórgnýr að stefna flokksins segi allt sem segja þarf og hvetur fólk til að kynna sér hana.

Dagur mætti fyrir hönd Samfylkingarinnar og sagði borgir spila mikilvægt hlutverk í málefnum innflytjenda; þær geti verið bæði útilokandi og innlimandi. Samfylkinguna

langar að ná til allra í Reykjavík. Þá minnst hann á upplýsingapakkan, kaffi Kúltúra og að borgin þurfi að vera betri vinnuveitandi. Íslenskan er jafnframt lykillinn að samfélaginu, samkvæmt Degi og Samfylkingunni, og að móðurmálskennsla sé einnig mikilvæg; þar sé hægt að notast við ferðakennara sem fara á milli staða. Þá vill Samfylkingin stuðla að aukinni notkun á frístundakortinu og að styrkurinn sem í því felst hækki.

Líf mætti fyrir hönd Vinstri Grænna og sagði að aðaláherslan hjá þeim sé börn, menntun, tungumál og menning. Þá töldu Vinstri Grænir að íslenskt samfélag sé fjölmenningsamfélag. Þar sem það séu einstaklingar af 130 mismunandi bakgrunnum á Íslandi sé mjög mikilvægt að allir vinni saman til að allt gangi upp. Vinstri Grænir vildu fjölmenningu og jöfn tækifæri, tjáningarfrelsi og frelsi til menntunar. Börn þurfa öruggan stað og tvítyngd börn þurfi stuðning og móðurmálskennslu ásamt góðri íslenskukennslu því það skapi jöfn tækifæri. Upplýsingar og leiðbeiningar þarf að bæta. Frístundir og leikskóli eigi að vera ókeypis og borgin þurfi að ná til innflytjenda. Mikilvægt sé fyrir alla að varðveita upprunamenningu.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina var sem fyrr Hreiðar sem byrjaði á því að segja að atkvæði innflytjenda skipti sannarlega máli þar sem lýðveldi sé grunnurinn í samfélaginu. Allir þurfi að vera viðriðnir málefni borgarinnar. Þá sé aðgengi að upplýsingum mikilvægt sem og góð samskipti og sagði Hreiðar Reykjavík Grapevine vera dæmi um það.

Áslaug María Friðriksdóttir var fulltrúi Sjálfstæðisflokksins á þessum fundi, en hún vermdi fjórða sæti listans. Flokkurinn taldi jöfn tækifæri og menntun skipta miklu máli og að lyklarnir að árangri séu menntun og hæfileikar. Hún sagði að það sé flokknum mikilvægt að bæta skólakerfið og læsi og veita námsörðugleikum athygli. Lykilmarkmið flokksins sé þó að lækka skatta þar sem erfitt sé fyrir fjölskyldur að ná endum saman. Það sé því efnahagsstefnan sem skilur að Sjálfstæðisflokkinn og hina flokkana.

Sem fyrr var Þorvaldur í forsvari fyrir Alþýðufylkinguna og útskýrði flokkinn sem dæmigerðan vinstriflokk. Fyrir flokknum var móðurmálskennsla mikilvæg sem og íslenskukennslan. Jafnframt sé mikilvægt að allir fái jöfn tækifæri og að innflytjendastefnan þurfi að vera byggð á þörfum innflytjenda.

Salman var fulltrúi Dögunar á fundinum og taldi hann íslenskt samfélag vera fjölmenningsamfélag en þó útilokandi. Tungumálið er notað sem réttlæting á

mismunun á vinnumarkaði og leigumarkaði sem dæmi og að slíka mismunun og fordóma þurfi að stöðva strax. Dögun styður fjölmenningu og móðurmálskennslu og vildi fá umboðsmann fyrir útlendinga. Þá minntist Salman á pósthólfið sem í má setja bréf á öllum tungumálum.

Athugasemdir og spurningar úr sal

Ein af þeim tveim spurningum sem allir frambjóðendur höfðu tækifæri til að svara varðaði leigumarkaðinn og þá mismunun sem innflytjendur verða fyrir þar. Þá var spurt hvernig hægt sé að laga það. Allir frambjóðendur voru sammála um að fjölgun íbúða væri svarið við þessari spurningu þar sem samkeppin er mikil um þær íbúðir sem séu í boði.

Seinni spurningin sem kom upp og allir gátu svarað innihélt einnig nýstárlega hugmynd sem frambjóðendurnir voru flestir hrifnir af. Hún fjallaði um mismunun sem innflytjendur upplifa af hendi borgarinnar, sérstaklega í samskiptum við starfsmenn. Þá var því velt upp hvort starfsmenn borgarinnar þyrftu jafnvel að fá menntun eða þjálfun í fjölmenningu. Eins og áður kom fram tóku flestir frambjóðendurnir vel í þessa hugmynd og töldu allir að það væri mikilvægt að bæta og efla samskiptin.

Þá komu fleiri athugasemdir fram en það sköpuðust þó ekki miklar umræður í kringum þær þar sem tíminn var af skorum skammti undir lokin. Þó er vert að taka fram tvær athugasemdir sem annars vegar hlutu mikinn stuðning áheyrenda og hins vegar var augljóslega strax tekið mark á. Fyrri athugasemdin varðaði viðurkenningu á sérfræðimenntun innflytjenda svo að fólk fái störf við hæfi. Þessi athugasemd uppskar mikið lófatak í salnum. Seinni athugasemdin var sú að vefsíður flestra flokkanna sem voru í framboði innihéldu einungis upplýsingar á íslensku. Þá voru frambjóðendur einfaldlega spurðir að því hvernig hægt væri að taka þá alvarlega ef þessu yrði ekki breytt.